



FRÉTTABLAÐIÐ



Erla Bolladóttir boðaði til blaðamannafundar í gær en tilefni fundarins var niðurstaða enduruptökudómstóls í síðustu viku. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til að þáttur Erlu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum yrði tekinn upp að nýju. Erla greindi frá því að hún væri með ólæknandi krabbamein og að hún ætlaði að vísa málinu til Mannréttindadómstólsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir Rússa hljóta að efast um stríðið

Ákvörðun Rússa um að kveðja allt að þrjú hundruð þúsund manns til vopna og það að Vladímír Pútín láti skína í beitingu kjarnavopna mætir harðri gagnrýni þjóðarleiðtoga. Skyndikosningar til að innlima úkraínsk héruð í Rússland eru fordæmdar.

gar@frettabladid.is

RÚSSLAND „Augljóslega hafa þessar hernaðaraðgerðir þeirra ekki skilad þeim árangri sem þeir vildu,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, um herkvæðningu allt að 300 þúsund manna í Rússlandi í gær.

Þjóðarleiðtogar fordæmdu hver á fætur öðrum þá ákvörðun stjórnvalda í Kreml í gær að stórauka við heraflo sína í stríðinu í Rússlandi og boða til skyndiatkvæðagreiðslu

til að innlima austurhéruðin í Úkraínu í Rússland.

„Ef maður á að draga einhverjar ályktanir af umræðunni hjá Sam-einuðu þjóðunum þá er þetta stríð engum til hagsbóta,“ segir Katrín. Full ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af hvert átök muni leiða. „Þau eru að minnsta kosti ekki að stefna í friðsamlegri átt með þessum hætti,“ segir hún.

Aðspurð segir forsætisráðherra atburðina í gær ekki endilega þýða að nú sé líklegra en áður að stríðsátökin berist hingað til lands. Varðandi það hvað Ísland hafi gert til að styrkja varnir eftir að hernaðurinn í Úkraínu hófst segir Katrín að metið hafi verið hvar áhættan liggir.

„Við höfum styrkt verulega okkar netvarnir og netöryggismál. Síðan erum við auðvitað aðilar að alþjóðlegu samstarfi sem hefur verið á auknu viðbúnaðarstigi.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands

Þar er ekki síður verið að horfa í hefðbundnari ógnir eins og það er kallað, það er að segja af hernaðarlegum toga,“ segir Katrín og nefnir þar sem dæmi aukið kafbátæftirlit hér við land.

„Það hefur verið mjög ríkur vilji til að koma í veg fyrir að átökin breiðist út, meðal annars af hálfu Atlantshafsbandalagsins, en auðvitað er það áhyggjuefni almennt þegar við sjáum þessa stigmögnun,“ segir Katrín, sem kveður lík-

legt að áform Pútíns verði umdeild í Rússlandi sjálfu og bendir á að í gær hafi flugvélar frá landinu fyllst af fólki sem vildi komast úr landi.

„Þarna er lagt af stað í ólögmæta innrás á engum forsendum öðrum en þeim að stækka yfirráðasvæði Rússlands. Og þegar það hefur ekki gengið eftir hlýtur fólk auðvitað að staldra við og velta fyrir sér hvort það eigi að draga það inn í áframhaldandi átök á þessum tímapunkti,“ segir forsætisráðherra.

Kaja Kallas, forsætisráðherra Eistlands, var einn þeirra sem fordæmdu útspil Pútíns í gær.

„Hvað varðar kjarnorkuhótanirnar er markmiðið það sama og hingað til – að sá ótta og skelfa almenning. Kreml reynir að fjárlúga alþjóðasamfélagið og vill hræða og aftra okkur frá því að hjálpa Úkraínu. Evrópa mun ekki láta undan,“ sagði Kallas. SJÁ SIÐU 8

Spéhræðsla algeng á baðstöðum

SAMFÉLAG Starfsfólk sundlauga og baðlóna segir mikið um að ferðamenn hér á landi reyni að komast hjá því að baða sig áður en farið sé í vatnið.



Það sleppur alltaf einhver í gegn.

Brá Guðmundsdóttir

„Það sleppur alltaf einhver í gegn og það er alltaf einhver sem vill ekki fara eftir reglum, en að á líka við um Íslendinga,“ segir Brá Guðmundsdóttir hjá Laugardalslaug.

Gestir sem bóka fyrir fram hjá Vök Baths fá sent myndband í tölvupósti sólarhring áður en mætt er í lauginu þar sem farið er yfir reglur staðarins, þar á meðal sturtusiði. SJÁ SIÐU 2.

Bænda
markaður
um helgina!



KRÓNAN

Finnur stuðning í samfélaginu en ekki á þinginu

arnartomas@frettabladid.is

ALÞINGI Halldóra Mogensen, þingmaður Pirata, lagði í gær fram frumvarp á Alþingi um afgangspæðingu neysluskammta vímuefna. Þetta er í fjórða skipti sem frumvarpið er lagt fram.

„Ég veit að jarðvegurinn er frjórri úti í samfélaginu, því að eins og skoðanakannanir hafa sýnt þá er viðhorf almennings gjörbreytt,“ segir Halldóra. „Við sjáum að þar er meira en 60 prósentu stuðningur við að hætta að refsa vímuefnanotendum.“



Halldóra Mogensen, þingmaður Pirata

Halldóra segist þó ekki finna fyrir sama stuðningi á þinginu eftir umræðurnar í gær, þar sem sumir þingmenn séu á sama stað og fyrir tveimur árum.

„Þeir segjast ekki getað samþykkt þetta frumvarp án þess að fara í heildarendurskoðun á málaflökknum,“ segir hún. „Við erum með flokka saman í ríkisstjórn sem hafa haft fimm ár til þess en það gerist ekkert.“ ■

Landsleikur í dag



Íslenska landsliðið í fótbolta kom saman í Austurríki á mánudag til undirbúnings fyrir vináttulandsleikinn við Venesúela. Arnar Þór Viðarsson landsliðsþjálfari getur stillt upp sterku liði í dag en hér má sjá fjórmenningana Hörð Björgvin, Guðlaug Víctor, Aron Einar og Alfreð Finnbogason á æfingu í gær. MYND/KSI

Segir lögreglumann hafa nauðgað sér

erlamaria@frettabladid.is

DÓMSMÁL „Niðurstaða endurupp-tökudómstóls er í rauninni ófor-svaranleg,“ sagði Erla Bolladóttir á blaðamannafundi sem hún boðaði til í gær.

Tilfni fundarins var synjun dómstólsins í síðustu viku á endurupp-töku á þætti Erlu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Hún er sú eina af þeim sex einstaklingum sem hlutu dóma í málinu sem hefur ekki fengið mál sitt endurupptekið.

Á blaðamannafundinum ræddi Erla efnislega um niðurstöðu dómstólsins og rakti málið eins og það horfði við henni. Þá ræddi hún um nauðgun sem hún varð fyrir af hálfu lögreglumanns á meðan hún sat í gæsluvarðhaldi.

„Einn rannsóknarmannanna kom inn í klefa til mín,“ segir Erla. Hún segir manninn hafa hallað



Erla Bolladóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

hurðinni og girt niður um sig. „Er búinn að setja á sig verju og gengur hreint til verks. Hann er stöðugt að tékka á hvort einhver sé að koma. Hann var kannski tíu mínútur eða korter þarna inni,“ bætir hún við.

„Hann hvislar svo eitthvað: „Ekki tala um þetta,“ og fer,“ segir Erla. ■

Nánar á frettabladid.is

GJAFALEIKUR
Heilsuvara vikunnar



DV

Ferðamenn spéhræddir og baða sig ekki berir í sundi

Mikið er um að ferðamenn hér á landi reyni að komast undan því að baða sig áður en þeir fara í sundlaugar. Starfsfólk sundlauganna segir að vandamálið sé spéhræðsla.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta er eitthvað sem allir kannast við, að ferðamenn reyni að komast undan því að fara í sturtu,“ segir Karen Erlingsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri Sundlaugarinnar á Egilsstöðum.

Undir orð Karenar taka Brá Guðmundsdóttir, hjá Laugardalslaug, Elín H. Gísladóttir, hjá Sundlaug Akureyrar, og Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, hjá Vök Baths.

Þær segja allar að ekki séu sérstök viðurlög við því að fara ekki í sturtu án sundfata áður en farið er í laugina, en reynt sé eftir fremsta megni að sporna við því.

„Þetta er vesen og hefur alltaf verið vesen,“ segir Aðalheiður. „En við gerum ýmislegt til að sporna gegn þessu, höfum til dæmis verið inni í klefunum á mesta háanna-tíma,“ bætir hún við.

Þá fá gestir í Vök sem bóka fyrir fram sent myndband í tölvupósti sólarhring áður en þeir mæta í laugina þar sem farið er yfir reglurnar á staðnum, þar með talið það að allir skuli fara í sturtu.

Í Sundlaug Egilsstaða og á Akureyri eru allir erlendir gestir spurðir að því í afgreiðslunni hvort þeir hafi farið áður í sund og þeim kynntar reglurnar. Það er einnig gert í Laugardalslauginni en þar fá að auki þeir gestir sem ekki hafa farið í sund áður útprintaðan bækling þar sem farið er yfir reglurnar á ensku.

„Það sleppur alltaf einhver í gegn og það er alltaf einhver sem vill ekki fara eftir reglum en það á líka við um Íslendinga,“ segir Brá.



Engin viðurlög eru við því að fara óbaðaður í sund.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Við meinum fólki ekki aðgang ofan í vatnið ef það fer ekki í sturtu en það hlýða langflestir.



Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths

Elín, Karen og Brá eru sammála um að ekkert sé að óttast þó einn og einn fari óbaðaður í laugina. Klór-magn laugarinnar aukist í takt við óhreinindi hennar.

„Við notum það líka til að fá fólk til að sturta sig, segjum því að því fleiri sem geri það ekki því meiri klór verði í vatninu,“ segir Karen.

Í Vök er málum öðruvísi háttáð því þar er ekki klór í vatninu heldur sístreymi.

„Við meinum fólki ekki aðgang ofan í vatnið ef það fer ekki í sturtu en það hlýða langflestir þegar þeim er bent á reglurnar. Íslendingar eru líka mjög duglegir að láta okkur vita ef einhver fer ekki eftir þeim,“ segir Aðalheiður.

„Svo fara flestir í sturtu en spurningin er alltaf hvort fólk þvoir sér almennilega eða fari úr sundfötunum, en við erum líka með klefa þar sem fólk getur dregið fyrir og við verðum bara að treysta því að fólk fari úr,“ segir Elín.

„Þetta er misjafnt eftir þjóðernum en flestir eiga það sameiginlegt að spéhræðslan er ástæðan fyrir því að fólk forðast að baða sig nakið,“ bætir Elín við. ■

Parket útsala



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Allt parket

30-50%

afsláttur

20%

Nilfisk
Háprýstidæla
100 bör, 1,3KW,
440 ltr./klst. 5254200

14.390 kr
~~17.990~~ kr



HIKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél, 18V
100 fylgihlutir,
2 stk, 2,5Ah Li-ion
rafhlöður, 13 mm
patróna. 5247085

37.480 kr
~~49.970~~ kr




25%

B

eta
since 1943
Þvottavél,
1400 sn.
Kolalaus mótur,
8 kg, 15 þvotta-
kerfi. 1853100

59.490 kr
~~84.990~~ kr



30%

B

LG

Þvottavél,
1400 sn.
Kolalaus mótur,
7 kg, stærð:
60x56,5x85 cm.
1860474

69.990 kr
~~97.990~~ kr



29%



Flísa útsala

35-45%

afsláttur



Blöndunartæki

25%

afsláttur



3 stk. af eigin vali

Erikur/Calluna
10327400

1.299 kr
1 stk. **599** kr



LADY málning

25%

afsláttur

Fjórir handteknir í höfuðborginni

thorgrimur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók fjóra á höfuðborgarsvæðinu í gær í tengslum við yfirstandandi rannsókn sem meðal annars snýr að skipulagðri glæpastarfsemi og stórtækum brotum á vopnalögum.



Lögreglan telur sig hafa afstýrt hættuástandi.

Vopnuð sérsveit ríkislögreglustjóra tók þátt í aðgerðum ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglu er rannsóknin í höndum embættis ríkislögreglustjóra, sem hefur það hlutverk að rannsaka brot sem tengjast landráði og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

Tveir hinna handteknur voru taldir vopnaðir og hættulegir en sem betur fer særðist enginn í aðgerðunum og handtakan fór skjótt og vel fram. Lögreglan telur sig hafa afstýrt hættuástandi með aðgerðunum. ■

Brjóstamiðstöð opnuð í dag

ninarichter@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Í dag fer fram formleg opnun á Brjóstamiðstöð Landspítalans við Eiríksögðu 5. Brjóstamiðstöð er ný þjónusta spítalans, innan krabbameinskjarna, sem er undir aðgerðasviði.



Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, yfirlæknir Brjóstamiðstöðvar

Áð sögn Svanheiðar Lóu Rafnsdóttur, yfirlæknis Brjóstamiðstöðvar, nær þjónusta miðstöðvarinnar yfir alla skimun og klíniska brjóstamyndgreiningu. Einnig nær hún yfir göngudeildarþjónustu þeirra sérgreina sem koma að greiningu, meðferð og eftirliti allra brjóstmeina.

Brjóstamiðstöð er ætlað að vera miðpunktur í þjónustu við þá sem eru með mein eða sjúkdóm í brjóstum. ■

Bíða fundarboðs ráðherra í þjóðminjavarðarmáli

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis hefur enn ekki gefið upp hvort embættið aðhafist nokkuð vegna kvörtunar Félags fornleifafræðinga vegna skipunar menningarmálaráðherra í stöðu þjóðminjavarðar.

„Við höfum ekkert heyrt,“ segir Gylfi Björn Helgason, formaður Félags fornleifafræðinga, spurður um stöðu kvörtunarinnar. Hún var lögð fram í lok ágúst eftir að Lilja Alfredsdóttir menningarmálaráðherra skipaði Hörpu Þórsdóttur, framkvæmdastjóra Listasafns Íslands, í embætti þjóðminjavarðar án auglýsingar. Í kjölfar ráðningar Hörpu heyrðist af gagnrýni sam-

starfsmanna Hörpu á Listasafninu á störf hennar þar og sagðist ráðherra myndu kynna sér þær raddir.

„Maður vonar að þetta sé fyrsta skrefið í því ferli að draga þessa ákvörðun til baka,“ segir Gylfi, sem aðspurður kveður að minnsta kosti sex til tíu manns innan fornleifafræðinnar myndu sækja um embætti þjóðminjavarðar væri það auglýst.

„Og það eru örugglega margir meðal safnafræðinga og sagnfræðinga líka sem hefðu áhuga. Þetta eru allt mjög flottir einstaklingar með langa reynslu og góða menntun sem hafa mjög skýra sýn á framtíðarstarf safnsins. Við höfum einmitt bent á að eitt af því sem tapast með því að auglýsa ekki er umræðan um það hvert á að stefna,“ bendir Gylfi á.



Núna stundar safnið ekki neinar rannsóknir af viti.



Gylfi Björn Helgason, formaður Félags fornleifafræðinga

„Ráðherra hefur talað um að bjóða okkur á fund en við höfum ekki heyrt neitt hvað það varðar. Við bara bíðum átekta, það hlýtur að koma fljótlega.“

Áð sögn Gylfa hefur starf þjóðminjasafnsins tekið stórfelldum breytingum frá því að það var nánast einráða í fornleifarannsóknnum. „Núna stundar safnið ekki neinar rannsóknir af viti. Margir myndu vilja auka rannsóknarvægi safnsins,“ segir hann.

Þá segir Gylfi marga hafa hug á að opna þjóðminjasafnið. „Við sem þjóð erum allt öðruvísi en fyrir 20 árum. Það eru komin fleiri þjóðarbrot sem myndu hiklaust telja sig Íslendinga. Það er spurning hvernig við myndum reyna að ná til þess fólks.“ ■

Katrín segir umferðaröryggi minnka svigrúm fyrir hvata til minni losunar

Formaður Vinstri grænna og forsætisráðherra segir að ívilnanir fyrir umhverfisvæna bíla séu ekki úr sögunni þótt þær mæti skerðingu. Huga verði að umferðaröryggi. Orkumálastjóri gagnrýnir ríkisstjórnina, enda þurfi allar hendur á dekk til að hamla gegn losun.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna, segir að ríkisstjórnin sé að taka varfærin skref í átt að nýju kerfi vegna gagnrýni sem sett hefur verið fram opinberlega um að hvatar til að festa kaup á umhverfisvænum bifreiðum verði stórskertir samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.


Orkumálastjóri, Halla Hrund Logadóttir, sagði í Fréttablaðinu: „Það skiptir rosalegu máli að setja kraft í orkuskiptin. Ívilnanir eru fjárfestingar til framtíðar. Hún sagði ekki tímabært að draga úr stuðningi við vistvæna bíla.“

„Ef við náum ekki loftslagsmarkmiðum verðum við að sæta viðurlögum sem munu kosta okkur fjármuni. Það er betra að fjárfesta í hvötum til að hlaupa hraðar hvað varðar orkuskiptin en að aðhafast ekkert,“ sagði Halla Hrund.

Bent hefur verið á mótsögn þess að Katrín Jakobsdóttir leggi

Dæmi um árleg bifreiða- og eldsneytisgjöld folksbíla

Dæmi fyrir Tesla (model 3) og Mazda (CX-5)




Það er verið að taka varfærin skref í átt að nýju kerfi þar sem þeir sem nota vegakerfið greiða fyrir notkun sína.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Dæmi um vörugjald og VSK við kaup nýrra folksbíla

Dæmi fyrir Tesla (model 3) og Mazda (CX-5)



Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri

blessun sína yfir þessar breytingar á sama tíma og hún sé formaður stjórnmálaflokks sem kennir sig við grænar áherslur og umhverfisvernd. Katrín Jakobsdóttir segir, innt viðbragða við gagnrýninni, að ríkisstjórnin beri ábyrgð á að Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsbaráttunni. Einnig beri

ríkisstjórnin ábyrgð á fjármögnun vegakerfisins og þar með að öryggi á vegum verði tryggt.

„Þróunin í átt að hreinorkubílum hefur verið hröð og áfram verða ívilnanir í gildi gagnvart þeim þó að dregið sé úr þeim,“ segir Katrín.

„Það er verið að taka varfærin skref í átt að nýju kerfi þar sem þeir sem nota vegakerfið greiða fyrir notkun sína líkt og áður, og þar sem fjölmargar aðgerðir og framlag allra geira á Íslandi tryggja að við náum markmiðum okkar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,“ bætir Katrín við.

Forsætisráðherra segir unnið að uppfærslu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum til að hún endurspegli verkefni sem þurfi að ráðast í til að draga úr losun á okkar ábyrgð, um 55 prósent fyrir árið 2030.

„Fjölmargar aðgerðir í aðgerðaáætlun stjórnvalda snúa að orkuskiptum sem þurfa að eiga sér stað á öllum sviðum,“ segir Katrín.

Þá segir forsætisráðherra að ríkisstjórnin leggi sérstaka áherslu á að efla almenningssamgöngur með því að fjármagna stofnkostnað, ekki síst Borgarlinunnar, sem og aðgerðir til að stuðla að orkuskiptum í þungaflutningum, sjávarútvegi og flugsamgöngum.

„Þá verður þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun um orkuskipti einnig lögð fram á þessum þingvetri til að styðja við þetta,“ segir Katrín Jakobsdóttir. ■

EIGUM LOKSINS TIL AFHENDINGAR

JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4XE PLUG-IN HYBRID

Alvöru jeppi – alvöru fjórhjóladrif - Eini jeppinn í sínum stærðarflokki með lágt drif

Einungis nýir Jeep frá ÍSBAND eru með 5 ára ábyrgð!

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4XE
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Litli tónsprotinn

2022 | 2023

Litli tónsprotinn er tónleikaröð sem samanstendur af fernum fjölskyldutónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands á laugardögum í Eldborg, þar sem ævintýri eru glædd lífi með tónum og tali. Komdu í áskrift að ómetanlegum samverustundum.

**Áskrift að tónleikaröðum
veitir þér 20% afslátt af almennu miðaverði.**

Pétur og úlfurinn og Tobbi túba 24. september

Jólatónleikar Sinfóníunnar 17. desember

Ævintýrið um töfraflautuna 18. febrúar

Dýrasinfónían 13. maí

MIÐASALA Í HÖRPU OG SINFONIA.IS

Bændasamtökin leita skýringa á ólöglegri urðun plasts í Skálholti

ingunnlara@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Þetta kemur okkur sannarlega í opna skjöldu,“ segir Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, um plastúrgang frá grænmetisbændum sem endurvinnslufyrirtækið Terra urðaði ólöglega í Bláskógabyggð.

Stundin greindi frá því í gær að plastúrgangur hefði verið skilinn eftir á ólöglegum urðunarstað skammt frá Skálholti. Í umfjöllun Stundarinnar kemur fram að úrgangurinn sé frá grænmetisræktendum á svæðinu, sem Terra hefur losað um margra ára skeið. Sveitarfélagið Bláskógabyggð rekur urðunarstaðinn og hefur gert í mörg ár án starfsleyfis, samkvæmt heimildum Stundarinnar.

Terra bauð fyrirtækjum í Bláskógabyggð á sínum tíma sér-samning um losun úrgangs, en þá var Terra með samning við sveitarfélagið. „Mér skilst að Íslenska



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands

gámafélagið hafi nú tekið við og sé nú að þjónusta Bláskógabyggð,“ segir Vigdís, en hún hefur nú óskað eftir skýringum frá Bláskógabyggð. Fékk hún þau svör frá sveitarstjóra að verið væri að ganga í málið með sorphirðufyrirtækinu.

Vigdís segir að bændur geti aðeins trúað því og treyst að eftirlit sé með allri þessari starfsemi og að flokkun sé framfylgt eins og á að vera. Bændasamtökin hafa í gegnum árin lagt mikla áherslu á umhverfismál og meðal annars átt í samstarfi við Pure North Recycling um söfnun á heyrulluplasti til endurvinnslu. ■



Eins og sést á myndinni sem Davíð Már Bjarnason tók með dróna af öðrum borgarisjakanum er jakinn nokkuð stór. MYND/DAVIÐ MÁR BJARNASON

Fyrstu ísjakarnir um langt skeið

bth@frettabladid.is

STRANDIR Tveir borgarisjakar hafa sést á sveimi skammt frá landi, eftir því sem kemur fram hjá veðurathugunarmanninum Jóni G. Guðjónssyni á Ströndum.

Annar er um 10 kílómetra austur af Sæluskeri og virðist reka hægt til austurs. Hinn virðist strandaður

ekki ýkja fjarri. Jón segir hafisinn sæta tíðindum.

„Það eru tíu ár síðan þarna saúst síðast borgarisjakar.“

Það voru allar vikur hér fullar 2005, þá var ekkert nema hafis, en síðan hefur verið fremur rólegt í þessum efnun, helst við Hornbjarg og vestan þess,“ segir Jón veðurathugunarmaður. ■



Geir H. Haarde í safnahúsinu í Reykjavík þann 23. apríl 2012 við dómsuppkvaðningu Landsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÍA

Engar áhyggjur að hafa af pólitískri ábyrgð ráðherra

Stjórn málafræðingur segir að finna þurfi betri úrlausn á ábyrgð ráðherra en Landsdóm. Ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að stjórn málamenn sæti ekki pólitískri ábyrgð á Íslandi.

odduraevar@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Stefánía Óskarsdóttir, dósent í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, segir að finna þurfi betri úrlausn á ásökunum um brot á lögum um ábyrgð ráðherra en Landsdóm. Hún bendir á að það sé á hendi meirihluta þingsins að tryggja að ráðherrar sæti pólitískri ábyrgð en Landsdómur fjalli um lagalega ábyrgð.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í gær að ekki væri unnt að leggja niður Landsdóm fyrr en annars konar fyrirkomulagi um ráðherraábyrgð hefur verið komið á. Magnús Orri Schram, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, hefur bedið afsökunar á aðkomu sinni að því þegar Geir H. Haarde var dæmdur af Landsdómi fyrir tíu árum síðan fyrir að hafa vanrækt embættis skyldur sínar sem forsætisráðherra í aðdraganda bankahrunsins.

Spurð um hvort það sé ekki eðli-



Stefánía Óskarsdóttir, dósent í stjórn málafræði við HÍ

legt að ráðherrar sæti ábyrgð fyrir verk sín í starfi bendir Stefánía á að meirihluti þings tryggi að ráðherrar og ríkisstjórnin sæti pólitískri ábyrgð. Landsdómur hafi hins vegar það hlutverk að tryggja lagalega ábyrgð ráðherra.

„Landsdómur byggir á gamalli danskri fyrirmynd sem komst á fyrir daga þingræðis og almenns kosningaréttar,“ segir Stefánía. Eftir að þingræði komst á í Danmörku og á Íslandi geti meirihluti þings hins vegar hvenær sem er ákveðið að samþykkja vantraust á einstaka ráðherra eða ríkisstjórnina í heild sem verði þá að vikja.

„Einnig mæta ráðherrar og þingmenn kjösendum sínum í kosningum með reglulegu millibili. Vald þingsins til að samþykkja vantraust sem og reglulegar kosningar tryggja að ráðherrar sæta ávallt pólitískri

ábyrgð,“ segir Stefánía. Landsdómur dæmi hins vegar um það hvort lög um ráðherraábyrgð hafi verið brotin.

Ákæra af Landsdómi er gefin út af meirihluta þingmanna og í honum sitja svo átta fulltrúar stjórn mála-flokka og sjö fulltrúar sem hafa sérþekkingu á sviði lögfræði. „Það að ákærvaldið sé hjá Alþingi, og að í dómnum sitji meðal annars fulltrúar stjórn mála-flokkanna, býður þeirri hættu heim að réttarhöld haldin fyrir Landsdómi litist af pólitískum aðstæðum,“ segir Stefánía.

„Það reyndist vera í því eina máli sem Landsdómur hefur tekið fyrir, málinu gegn Geir H. Haarde. Ýmsir þingmenn sem samþykktu ákærana á hendur Geir hafa síðar lýst yfir iðrun og er Magnús Orri Schram síðasta dæmið um það,“ segir Stefánía sem bendir á að Geir hafi tveimur árum fyrir úrskurð Landsdóms axlað pólitíska ábyrgð sem forsætisráðherra og hætt í stjórn málum.

„Ekki þarf að hafa áhyggjur af því að stjórn málamenn sæti ekki pólitískri ábyrgð á Íslandi. Kjösendur, stjórn mála-flokkarnir og þingið sjá til þess. Varðandi úrlausn á ásökunum um brot á lögum um ábyrgð ráðherra þarf að finna betri lausn en að Alþingi fari með ákærvaldið og að dómur séu pólitískt valdir.“ ■

Pallahitarar
á **25%**
afslætti



Pallahitari
Artix C-HB
28.421
37.895

vnr. 50615046

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

BIOThERM



0,25% HREINT RETINÓL

1% LIFE PLANKTON



UPPLIFDU KRAFT BLUE RETINOL

ÖFLUG VIRKNI GEGN HLUKKUM
AUKIN GÆÐI HÚÐAR

1. útgáfa í september 2021. Öflugir virkni gegn hrukkum, sem máu sjáanlega hvala eftir 4 mánaði.
2. útgáfa í september 2021. Öflugir virkni gegn hrukkum, sem máu sjáanlega hvala eftir 4 mánaði.

BIOThERM

KYNNUM BLUE PRO-RETINOL KREM OG BLUE RETINOL NIGHT SERUM

Blue Retinol Night Serum er öflug nýjung í lífvísindum sem hefur mikla endurnýjunarvirgni. Formúlan er 100% vegan. Serumið inniheldur 0.25% hreint retinól og Life Plankton sem vinna á hrukkum, gefa fallegri húðaferð og mýkt.

Blue Pro-Retinol kremið inniheldur Pro-Retinól, þörungabykkni og Life Plankton. Pro-Retinol er retinól afleiða sem gerir kremið öflugt en milt og má því nota það kvölds og morgna, jafnvel viðkvæm húð. Húðin verður áferðafallegri, húðlitur jafnari og finar línur minna sjáanlegar.

Við mælum alltaf með notkun sólarvarnar samhliða vörum sem innihalda retinól.

Kaupauki að hætti Biotherm þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 9.500 kr eða meira á meðan birgðir endast



Blue Therapy
Uplift
eða

Aquasource
Kaufauki



20% afsláttur
af öllum Biotherm vörum
22. - 28. september



Versla hér

HAGKAUP

Vinir við veginn



Elvis smoothie
mjög hollur og góður



Memphis hamborgari
mjög góður



olis

Húsnæðisliðurinn er heimilum landsins dýr



Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Hér á Íslandi er stór hluti lánaskuldbindinga heimila og fyrirtækja verðtryggður. Vísitalan sem notuð er til verðtryggingar er lántökum einstaklega óhagstæð, auk þess sem hún hefur bein áhrif á sjálfa verðbólgu.

NEYTENDUR Ólíkar aðferðir eru til við útreikning á kostnaði vegna eigin húsnæðis í vísitölu neysluverðs. Hagstofan notar aðferð „einfalds notendakostnaðar“. Fasteignamat, sem er núvirði húseignarinnar, er framfært með fasteignavísitölu í hverjum mánuði sem miðast við þriggja mánaða hlaupandi meðaltal á verðbreytingum íbúðaverðs. Vægi kostnaðar vegna eigin húsnæðis í vísitölu neysluverðs (reiknuð húsaleiga) er tæplega 20 prósent í grunni vísitölunnar. Í ljósi þessa hefur það mikil áhrif til aukningar verðbólgu þegar húsnæðisverð hækkar umtalsvert á skömmum tíma.

Ríki með stóra leigumarkaði nota yfirleitt þá aðferð að yfirfæra virði greiddrar húsaleigu á húsnæði sem er í eigu einstaklinga. Aðferðin við að reikna húsaleiguígildi hefur hins vegar ekki verið notuð hér í ljósi smæðar leigumarkaðarinnar, auk þess sem Hagstofan hefur ekki talið hann endurspeglar nægjanlega vel samsetningu þess íbúðarhúsnæðis sem er í eigu einstaklinga. Einnig er sums staðar notuð svokölluð nettókaupaaðferð. Hver þessara þriggja reikniadaðferða hefur kosti og galla. Það er verulega háð gæðum gagna og eiginleikum húsnæðismarkaða hvaða aðferð hentar í hverju landi, auk þess sem val aðferða þarf að samræmast því hlutverki sem vísitalan hefur.

Nefnd leggur til breytingar

Nefnd sem skipuð var af forsætisráðherra um aðferðafræði við útreikning á vísitölu neysluverðs með áherslu á húsnæðisliðinn, skilaði niðurstöðum árið 2020. Athugun nefndarinnar leiddi meðal annars í ljós að aðferð Hagstofunnar er í fullu samræmi við alþjóðlega viðurkenndar aðferðir. Þó var hvatt til þess að Hagstofan skoðaði hvort aðstæður á leigumarkaði hefðu þróast með þeim hætti á undanförunum árum að hægt væri að nota húsaleiguígildi í auknum mæli til að reikna kostnað vegna eigin húsnæðis og hvort sú aðferð geti þar af leiðandi leyst af hólmi aðferð notendakostnaðar, í heild eða gagnvart hluta íbúðarhúsnæðis (um þetta er fjallað nánar í skýrslu nefndarinnar sem birt er á vef Stjórnarráðsins). Sú vinna stendur nú yfir hjá Hagstofunni.


Fréttablaðið ræddi við Heiðrúnu Eriku Guðmundsdóttur, deildarstjóra vísitöludeildar Hagstofunnar, og spurði hvort til skoðunar væri að breyta um aðferð til að meta reiknaða húsaleigu frá því sem nú er í vísitölu neysluverðs og taka mið af upplýsingum um greidda húsaleigu við matið.

„Reiknuð húsaleiga í vísitölu neysluverðs, er í dag metin með aðferð sem nefnist einfaldur notendakostnaður. Aðferðin nýtir fasteignasamninga á landinu öllu við matið og er byggt á þriggja mánaða hlaupandi meðaltali. Að nota þriggja mánaða tímabil var ákvörðun sem var tekin á sínum tíma þegar aðferðin var tekin upp.

Lengd tímabilsins er ekki ákveðin í lögum, heldur er það fræðilegt úrlausnarefni að finna hentuga lengd tímabilsins. Kostur við stutt tímabil er að þá byggir matið á nýlegum gögnum og það samrýmist hlutverki vísitölu neysluverðs sem er að vera mælikvarði á verðlag einkaneyslu. Vísitala neysluverðs er skammtíamælikvarði. Tímabilið má heldur ekki vera of stutt því þá getur orðið



Samantekt vísitalna



erfiðara að mæla og sveiflur geta aukist. Þriggja mánaða tímabil varð fyrir valinu á sínum tíma og hefur verið haldið síðan.“

Heiðrún segir það vera til skoðunar hvort mögulegt sé að taka upp nýja aðferð við mat á reiknaðri húsaleigu, sem felur í sér að byggja matið á upplýsingum um greidda húsaleigu. „Við erum að skoða hvaða gögn eru fyrir hendi og hvernig við getum nýtt þau. Að byggja á upplýsingum um greidda húsaleigu til að meta reiknaða húsaleigu er spennandi aðferð verði raunin sú að hægt verði að koma henni á. Margt hefur breyst síðan núverandi mælingaraðferð var tekin upp svo það hefur gefið okkur gott tilefni til að skoða hvort nú sé tækifæri til breytinga. Við erum ekki komin á þann stað að geta skorið úr um það en höldum ótraud áfram að leita svara við því,“ segir Heiðrún.

Húsnæðisliðurinn sér á parti

Vísitala neysluverðs á Íslandi er einstök. Vísitalan er í samræmi við viðurkennda alþjóðastaðla. Hún mælir hins vegar verðlag með allt öðrum hætti en hin samræmda vísitala sem mæld er í öllum löndum Evrópu, einnig hér á landi.

Stóri munurinn felst í því að húsnæðisliðurinn í íslensku vísitölunni vegur næstum 30 prósent á meðan sá liður er rösklega 11 prósent í hinni samræmdu. „Reiknaða húsaleigan“ vegur næstum 20 prósent í íslensku vísitölunni en er ekki til staðar í þeirri samræmdu.

Samkvæmt vísitölu neysluverðs er verðbólga há hér á landi. Síðustu tólf mánuði hefur hún hækkað um 9,7 prósent. Samkvæmt samræmdu vísitölunni er verðbólga síðustu tólf mánaða hins vegar 5,5 prósent, næst-



Reiknuð húsaleiga í vísitölu neysluverðs, er í dag metin með aðferð sem nefnist einfaldur notendakostnaður.



Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar Hagstofunnar

lægst í Evrópu. Aðrar Evrópuþjóðir miða við samræmdu vísitöluna þegar verðbólga er mæld.

Val á vísitölu kostar heimilin

Eina landið sem notar vísitölu neysluverðs til að verðtryggja útlán til almennings og fyrirtækja er Ísland. Ísland notar hins vegar ekki samræmdu vísitöluna heldur vísitöluna sem er lántakendum óhagstæðari svo miklu nemur. Síðastliðna tólf mánuði hefur það kostað íslensk heimili 50 milljarða að hin séríslenska vísitala neysluverðs er notuð í stað þeirrar samræmdu.

Nefnd forsætisráðherra, sem vísað er til hér að ofan, leitaði til doktors Kim Zieschang, ráðgjafa og sérfræðings í verðvísitölum, til að leggja mat á aðferðafræði við mælingar á húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Í umfjöllun doktors Zieschang kemur fram að aðferðafræði við útreikning á húsnæðislið vísitölunnar er í

Vísitalan tannhjól í verðbólguvélinni

Fasteignaverð hefur nokkuð afgerandi áhrif á „reiknuðu húsaleiguna“ og í ástandi eins og verið hefur hér á landi undanfarið misseri veldur það því að vísitalan sjálf hækkar meira en ella.

Seðlabankinn horfir mjög til vísitölu neysluverðs við vaxtaákvæðanir. Þegar vísitalan hækkar mikið, eins og undanfarið misseri, bregst Seðlabankinn við með því að hækka stýrivexti. Innan mánaðar leiðir stýrivaxtahækkunin til þess að öll útlánafyrirtæki, bankar og lífeyrissjóðir, hækka útlánsvexti sína.

Hærrí vextir nýrra húsnæðislána valda svo hækkan á hinni „reiknuðu húsaleigu“ í vísitölu neysluverðs. Þar með er komin upp sú staða að mæling vísitölu neysluverðs í einum mánuði hefur bein áhrif til hækkanar á næstu eða þar næstu mælingu hennar vegna þess að hækkan vextir hafa áhrif til hækkanar á lið sem vegur næstum 20 prósent í vísitölunni.

Þar með er vísitala neysluverðs ekki lengur hlutlaust mælitæki sem mælir verðbólgu. Þar með er vísitala neysluverðs orðin tannhjól í þeirri vél sem knýr verðbólgu.

Fasteign er ekki neysluvara

„Mikilvægast er að hafa hugfast að fasteign er eign, en ekki neysluvara. Við neytum hins vegar þess sem fasteignir framleiða, sem er húsa-skjól. Á sama hátt og landverð á ekki heima í vísitölu neysluverðs. Jafnvel þótt við neytum matvælanna sem á landinu vaxa á fasteignaverð ekki heima í vísitölu neysluverðs, jafnvel þótt við neytum húsa-skjólins sem fasteignir framleiða.

Munum að landverð er ekki, réttilega, hluti af vísitölu neysluverðs. Fasteignaverð á ekki að vera það heldur. Það er tiltölulega þægilegt að laga þetta í dag, þökk sé mun betri gögnum er varða leigumarkað. Hvað sem öðru líður er ljóst að til að mæla verðbólgu, það er breytingar á neysluverði, betur á Íslandi verður að taka fasteignaverð út úr vísitölu neysluverðs. Skiptir þá engu máli hvort fasteignaverð sé að hækka eða lækka, því rétt skal vera rétt.“



Ólafur Margeirsson hagnesluverðs, jafnvel þótt fræðingur við neytum húsa-skjólins sem fasteignir framleiða.

samræmi við alþjóðleg viðmið um þennan þátt og aðstæður hér á landi. Zieschang veltir þó upp hugmyndum um hvort hægt sé að meta kostnað vegna búsetu í eigin húsnæði þannig að liðurinn taki meira mið af langtíma væntingum í leiguskiðmálum og verði með þeim hætti stöðugri gagnvart skammtímasveiflum í húsnæðisverði. Doktor Zieschang leggur einnig til að Hagstofan taki saman skilmerkilega lýsingu á aðferðum við útreikning greiddrar og reiknaðrar leigu í vísitölu neysluverðs. ■

Mikið vægi húsnæðisliðarinnar í vísitölu neysluverðs til verðtryggingar hefur kostað íslensk heimili 50 milljarða síðustu tólf mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Snorralaus
299.000 kr.



Grettislaus
259.000 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.



Fljótandi „hengirúm“. Margir litir
3.900 kr.



Vatnsheld spil
2.950 kr.

UNO vatnsheld spil
3.490 kr.

NORMX

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og líta ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX · Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Salan á Mílu hleypir lífi í fjarskiptamarkaðinn



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Forstjóri Fjarskiptastofu vonast til að salan á Mílu eigi eftir að leiða til aukinnar samkeppni á fjarskiptamarkaði. Ekki síst hvað uppbyggingu innviða í minni bæjum varðar. Hann segir mikla hreyfingu á markaðnum í kjölfar viðskiptanna.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Fjarskiptastofu, segir margt jákvætt við kaup fjárfestingasjóðsins Ardian á Mílu en Samkeppniseftirlitið lagði blessun sína yfir viðskiptin í síðustu viku eftir langar og strangar viðræður.

Þar með er ljóst að gengið verður formlega frá sölunni á Mílu til Ardian þann 30. september næstkomandi.

Viðræðum Símans, Ardian og Samkeppniseftirlitsins lyktaði með því að upphaflegur verðmiði fyrirtækisins lækkaði um samtals 8,5 milljarða frá því sem áformað var í upphafi. En endanlegt heildarvirði viðskiptanna er 69,5 milljarðar. Þá náðist jafnframt samkomulag um þau skilyrði sem eftirlitið hafði sett fyrir sölunni.

Hrafnkell segir margt benda til þess að viðskiptin séu þegar farin að hreyfa við fyrirtækjum á þessum markaði.

„Það hefur verið gríðarleg uppbygging á þessum markaði undanfarin ár. En eftir að þessar fréttir fóru í loftið, um að Ardian hygðist kaupa Mílu, hafa önnur fyrirtæki á heildsölumarkaði tekið við sér. Þannig að það sem er að gerast núna er að það eru að skapast forsendur fyrir samkeppni í stofnnetum á landsvísu. Sem er alveg gríðarlega mikilvægt.“

Öllum viðskiptum fylgja kostir og gallar að mati Hrafnkells, en það sé ótvíræður kostur í þessu tilviki að salan á Mílu hafi sett alla upp á tærnar.

„Það hefur verið mikil samkeppni á suðvesturhorni landsins hvað uppbyggingu fjarskiptainnviða varðar. En það hefur vantað fjárfestingu í þorpum úti á landi. Stjórnvöld hafa fjárfest myndarlega í ljósleiðaravæðingu í sveitum landsins og það verkefni var klárað. En þorpum og minni bæir eru eftir.“

Hrafnkell vonast nú til þess að



En það hefur vantað fjárfestingu í þorpum úti á landi.



Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Fjarskiptastofu

fyrirtæki á þessum markaði, hvort sem það er Míla eða aðrir, muni á markaðsforsendum uppfæra nær öll sin net á næstu árum.

„Það er mjög margt sem hvetur til slíkrar fjárfestingar. Ekki bara út frá samkeppni heldur líka á tæknilegum forsendum. Það blasir við að kerfin munu að öllu leyti færast yfir í nýja tækni á næstu árum og í því felast heilmikil tækifæri,“ segir Hrafnkell.

Aukin samkeppni hjálpar vissulega til og er af hinu góða, að mati Hrafnkells, en sú staðreynd að nýju

kerfin eru ódýrari í rekstri skiptir líka máli.

„Það á líka við um allt viðhald. Þannig að ég er bjartsýnn á að á þessum áratug verði fjárfest verulega, ekki bara í ljósleiðurum á landsvísu heldur líka í 5G-fjarskiptaneti. Fjarskiptastofa mun gefa út nýjar 5G-tíðniheimildir á næsta ári með áherslu á mikla uppbyggingu og algera dekkun á helstu hlutum þjóðvegakerfisins, sem dæmi. Þannig að það er mikið uppbyggingsarskeið fram undan,“ segir Hrafnkell. ■

Vonir standa til að aukinn kraftur verði settur í uppbyggingu fjarskiptainnviða og ljósleiðara um allt land á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.
MYND/HRINGBRAUT

Segir að auka þurfi erlent eignarhald

magdalena@frettabladid.is

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að raunhæft sé að auka erlent eignarhald í innlendum félögum verulega. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðnum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Við erum að sjá á Norðurlöndunum að þá er þetta hlutfall svona í kringum helmingur. Ég tel að þetta sé bæði mikilvægt fyrir framtíðarþróun á markaðnum og ég tel líka að þetta sé nauðsynlegt,“ segir Magnús og bendir á að ef lífeyrisjóðir ætli í meiri mæli að fjárfesta utan landsteinanna þurfi eitthvað að koma í staðinn.

„Það er nauðsynlegt að fá mót-vægi á móti í formi erlendra fjárfesta, þannig að ég tel að þetta sé mjög æskilegt og gott fyrir fjármagnnið í sjálfu sér. Síðan verður að horfa til þess að það er mjög líklegt að í kjölfar þessara vísitölusjóða fylgi annars konar fjárfestar því þessi flokkun hjá FTSE er líka gæðastimpill í sjálfu sér og viðurkenning á því að hér hafi orðið framfarir á markaðnum.“

Aðspurður hvort hann sé bjartsýnn á að erlent eignarhald í innlendum félögum muni aukast á komandi misserum, segist Magnús vera það. Flokkunin sé skref í rétta átt en hún gjörbreyti ekki stöðunni. ■

Fasteignamarkaðurinn sé að kólna

magdalena@frettabladid.is

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,4 prósent milli mánaða í ágúst. Þetta er í fyrsta sinn síðan í nóvember 2019 sem vísitalan lækkar og er að sögn greinenda skýrt merki um að markaðurinn sé farinn að kólna.

Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir að þessar tölur komi þeim á óvart en séu skýrt merki um að íbúðamarkaðurinn sé að kólna og það mjög hratt.

„Þetta er að gerast aðeins hraðar en við gerðum ráð fyrir. Og ef þessi þróun heldur áfram þá verður það til þess að verðbólga muni líklega hjaðna hraðar á næstu mánuðum en spár gerðu ráð fyrir,“ segir Bergþóra, en bætir við að um sé að ræða eina mánaðarbreytingu og mikilvægt sé að bíða og sjá hvernig næstu mánuðir muni þróast.

„Sérbylí eru að lækka, sem er sveiflukenndari liður þar sem færri kaupsamningar eru að baki. Það er ekkert óvanalegt að sérbylí lækki á milli mánaða í venjulegu árferði, en kom okkur vissulega á óvart miðað við markaðinn undanfarid.“

Aðspurð hvort hún telji að fast-



Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir að næstu mánuðir muni leiða þróunina frekar í ljós.

MYND/ADSEND

eignaverð muni lækka að nafnvirði, segir hún það vera ólíklegt að það gerist til lengri tíma.

„Við erum enn þeirrar skoðunar að það sé ólíklegt að fasteignaverð lækki að nafnvirði til lengri tíma þó við getum vel séð það á milli einstakra mánaða eins og í þessu tilviki.“

Bergþóra segir að þróunin sé skýrt merki um að aðgerðir Seðla-

bankans séu loksins að hafa áhrif, en Seðlabankinn greip til aðgerða fyrir einu og hálfu ári síðan til að reyna að róa markaðinn.

„Næstu mánuðir munu leiða þetta betur í ljós, en við teljum að þessar tölur bendi til þess að nú séu hraðar verðhækkningar á markaðnum að líða undir lok og vonandi kemst íbúðamarkaðurinn í ákveðið jafnvægi.“ ■



BAUHAUS®

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Baðland BAUHAUS

Í Baðlandi BAUHAUS getur þú valið um blöndunartæki sem henta fyrir þig og þitt umhverfi. Við bjóðum upp á öll helstu merkin sem þekkt eru fyrir gæði, góða notkunarmöguleika og endingu.

Í BAUHAUS finnur þú öll helstu vörumerkin:

DURAVIT



BATH DELUXE

lfö

Camargue®

mixomat

GROHE

hansgrohe

damixa™

VENUS®

GEBERIT

LAUFEN

careosan



54.995,-

67.995,-

DURAVIT
Duravit Starck 3

Veggfest salernisskál án skolbrúnar sem eykur hreinlæti og auðveldar þrif. Faldar festingar. Salernisseta með hæglokun og festingar fylgja.



9.995,-

22.995,-



Start handlaugartæki

Krómað. Með sveigjanlegum slöngum. 5 ára ábyrgð.



Camargue®

Hoover sturtuset

Sturtuset með kringlóttum sturthaus og handsturtu með 3 stillingum, þ.á.m með vatnssparnaðarstillingu. Blöndunartæki fylgir. Svart.

19.995,-

36.795,-

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 22. september til og með sunnudeginum 25. september

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Aumingjaskapur



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Ég varð af tilviljun vitni að óformlegu spjalli starfsmanns Fiskistofu og sjómanns hjá stóru útgerðarfélagi á dögunum.

Sjómaðurinn: „Þið vitið það alveg á Fiskistofu, vegna brottkastsins, að um leið og eftirlitsmaður frá ykkur er farinn af stóru skipunum þá drögum við fram rörið og hendum fiski villevlekk.“

Starfsmaður Fiskistofu: „Já, en ég fæ borgað fyrir mína stikkprufu og þið veidið verðmætasta fiskinn. Er það ekki bara win-win?“

Sjómaðurinn: „Eina leiðin til að stöðva brottkast er að það sé einn eftirlitsmaður frá Fiskistofu um borð í öllum skipum 40 metrar að lengd eða stærri allan sólarhringinn.“

Starfsmaður Fiskistofu: „Nei, það gengur ekki. Við þurfum að sofa. Það yrðu þá að vera tveir og það yrði allt of dýrt.“

Sjómaðurinn: „Þetta verður alltaf svona á meðan kvótakerfið er við lýði.“

Starfsmaður Fiskistofu: „Já, við gerum bara gott úr þessu.“

Ekki er hægt að útiloka að ummæli starfsmannsins hafi fallið í hálfkæringi.

En starfsmenn ríkisins gagnast almanna-hagsmunum lítt án samfélagslegrar ábyrgðar.

Fagleg fjarlægð ætti að vera keppikefli milli eftirlitsaðila og þeirra sem sæta eftirliti, jafnt í frítíma sem á vinnutíma. Að gera grín að lög-brotum styrkir ekki tiltrú okkar á að eftirliti sé best sinn hjá ríkisstarfsmönnum.

Ef rýnt er í opinber gögn frá Fiskistofu virðist sem stofnunin réttlæti tilvist sína með því að elta uppi sjómenn á litlum bátum. Smælingjarnir fá kærur fyrir sín brot á sama tíma og alkonna er að hinir stóru og voldugu fremja miklu alvarlegri brot sem hefur nánast verið sameinast um að líta undan. Drónar Fiskistofu svífa yfir smáfiskunum. Stórfiskarnir sleppa á meðan. Saga Íslands í hnotskurn.

Spurningar vakna um hvort áhafnir ríkisrekinnna eftirlitsstofnana hafi borið af leið.

Hjá MAST hefur stjórnýssla ítrekað skapað undrun og hneykslun.

Hjá Umhverfisstofnun sagði yfirmaður eitt sinn að það væri pólitísk ákvörðun en ekki í verkahring starfsmanna að bjarga heiminum.

Nú er Vegagerðin til umræðu og villur í opinberri rannsókn eftir alvarlegt slys.

Makindaleg hugsun þar sem störfín fara að snúast um hag starfsfólksins en ekki almenn- ing er aumingjaskapur og hefur leitt til van-trúar á kerfin okkar þótt sumt sé vel gert.

Sérhygli of margra opinberra starfsmanna er mein sem þarf að ræða og uppræta. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arnartomas@frettabladid.is

Bulltröll

Gestir og starfsfólk Stúdentakjallarans hafa upp á síðkastið orðið fyrir bardönu á ölvudum fótboltabullum sem, eins og svo mörg starfssystkini þeirra, láta illa í glasi. Í tárivotri færslu öldurhússins kemur fram að hópurinn eyðileggi fyrir öðrum með hrottalegum dónaskap og ógnandi hegðun. Að lokum eru téðar bullur beðnar um að hegða sér eins og fullorðið fólk – skilaboð sem falla eflaust í friðan jarðveg. Vesturbæingar geta þó sjálfum sér um kennt því að í hverfinu er allt of langt á milli öldurhúsa þar sem hægt er að fylgjast með boltanum og fávitarir eiga langt að fara til að finna sér samastað.

Svangur skolli

Hættuástandið teygir sig út fyrir Vesturbæinn. Útidyr í austanverðri Reykjavík eru harðlæstar þar sem ferfættur glæpon leikur lausum hala. Umræddur bófi er refur sem hefur uppskorið geðs-hræringu íbúa sem hafa komið auga á hann í Árbæ og Breiðholti. Nemendur við Ártúnsskóla sluppu með skrekkinn þegar rebbi var mættur á lóðina til alls vís en lét sér nægja að væta þurran góm sinn með hálfkláræðri túnfisksamloklu. Dýrþjónusta Reykjavíkur mælir til að fólk forðist við að klappa refnum þótt hann virðist gæfur. Þau ráð má eflaust yfirfæra á fleiri glæpamenn. ■

Illa farið með íbúa Laugardals



Kolbrún
Baldursdóttir
oddviti Flokks
fólksins í
borgarstjórn

Málefni Laugardalsins hafa verið til umræðu lengi. Árið 2013 var Laugarnesskóli kominn í hámarks-afkastagetu og lét borgaryfirvöld vita að nú væri kominn tími til að skipuleggja til framtíðar. Laugalækjarskóli er eini grunnskólinn í borginni með 7.–10. bekk. Nemendum Laugarnesskóla hefur fjölgað um 167 frá 2008 og stefnir í fjölgun um 115 út áratuginn. Ástandið er slæmt. Íþróttahúsið er barn síns tíma. Nú eru 7 færarlegar stofur og eiga 2 að bæstast við. Allt annað er löngu sprungið, mótuneyti, smíða-, myndmennta- og tónmenntaástaða og aðstaða fyrir kennara og starfsfólk. Skólahljómsveitinni hefur verið úthýst. Hljóðvist er erfið og loftræstingu vantar í gamla skólahúsinu. Úttekt á rakaskemmdum stendur yfir. Frístund er langt í burtu. Ekkert af þessu hefði þurft að koma á óvart. Samhliða þéttingarstefnunni kom skýr ábending um nauðsyn aðgerða til að styrkja innviði skólastarfsins, en núna 9 árum seinna hafa borgaryfirvöld ekkert aðhafst. Börnunum hefur hins vegar haldið áfram að fjölga jafnt og þétt og fyrirséð er að sú þróun haldi áfram.

Borgaryfirvöld hafa brugðist foreldrum og börnum þessa hverfis. Upplýsingagjöf til foreldra hefur verið stórlega ábótavant. Ekki kæmi á óvart þótt djúpstæður trúnaðarbrestur væri orðinn eftir samskipta- og afskiptaleysi sem skóla- og frístundasvið, undir verndarvæng síðasta meirihluta, hefur sýnt íbúum hverfisins. Svíðsmyndir liggja fyrir en beðið er staðfestingar um að svíðsmynd 1 sem langflestir aðhyllast verði valin, en hún felur í sér að stækka hvern skóla fyrir sig og vernda þannig skólagerð þeirra, skóla-hverfin og hverfamenningu. Það vantar einnig tímalínu framkvæmda, forgagnsröðun, kostnað, rekstrar-kostnað, hvernig á að bæta íþróttastöðu og fleira.

Búið er að lofa og lofa, þar er reyndar átt við gamla meirihlutann aðallega – enda varla hægt að kenna Framsókn um þessi klúður síðustu ára, alla vega ekki enn. Foreldrar og börn hafa fengið nóg. Flokkur fólksins segir áfram gakk nú! ■

Foreldrar og börn hafa fengið nóg. Flokkur fólksins segir áfram gakk nú!

Ef rýnt er í opinber gögn frá Fiskistofu virðist sem stofnunin réttlæti tilvist sína með því að elta uppi sjómenn á litlum bátum.

Jólagledir
GK veitinga

Veitingastaður golfklúbbsins Keilis býður upp á jólamatsæðil alla föstudaga og laugardaga frá 11. nóvember til 10. desember 2022.

Tilvalið fyrir vinahópa og fyrirtæki frá 8 til 70 manns.

Lífandi tónlist og jólastemming.

Matsæðill, sjá nánar á keilir.is

Borðapantanir á hafsteinn@betristofan.com og í síma 7792416

GK veitingar, Golfklúbburinn Keilir
Steinholti 1 Hvaleyrri, 220 Hafnarfirði

Skortur á málamiðlunum

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Í stefnuræðu sinni á Alþingi í síðustu viku benti forsætisráðherra réttilega á að það eru miklir umbrotatímar í heiminum og í okkar eigin þjóðarbúskap.

Við slíkar aðstæður er erfitt að mæla fyrir stefnu ríkisstjórnar án þess að stuða einhverja og vekja deilur um hvernig eigi að mæta nýjum og stórum áskorunum. En forsætisráðherra tókst það fullkomlega.

Ástæðan er sú að hún talaði ekki um pólitíkina, sem slíkir umbrotatímar kalla á.

Engin málamiðlun um fjölþjóðasamvinnu

Flestar þjóðir eru nú að styrkja hagsmunum sína með ríkari fjölþjóðasamvinnu bæði á sviði varnarmála og efnahagsmála.

Skóðanakannanir hér heima sýna að meirihluti þjóðarinnar vill að lokið verði viðræðum um mögulega fulla aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Á þessum umbrotatímum var þögnin eina svarið í stefnuræðunni við óskum almennings um aukna fjölþjóðasamvinnu.

Forsætisráðherra nefndi að stefnt væri að því að framleiða allt grænmeti og jafnvel allar landbúnaðarafurðir hér heima. Til þess þarf stefnubreytingu, sem miðar að því að gera landbúnaðinn að útflutningsgrein.

Þá þyrfti hún að eiga frjálsan aðgang að mörkuðum. En þær dyr vill ríkisstjórnin ekki opna. Þetta er dæmi um snotra hugsun án pólitískrar stefnu.

Engin málamiðlun í orkumálum

Við þurfum að tvöfalda orkuframleiðslu á næstu tuttugu árum til þess að ná markmiðum um orkuskipti og eðlilegan hagvöxt.

Í stefnuræðu við upphaf sjötta þings stjórnarsamstarfsins hefði mátt ætla að forsætisráðherra lýsti ákvörðunum um þær virkjanir sem nauðsynlegar eru til að ná þessu marki.

Um það ríkti hins vegar algjör þögn. Í staðinn féllu nokkur falleg orð um að áform yrðu uppfærð og hert.

Meðan við höfum setið með hendur í skauti og ekkert gert í orkumálum í heilan áratug hafa Danir orðið forysturiki í grænni orkuöflun. Við leysum ekki nýjar áskoranir með forskoti 20. aldar.

Engin málamiðlun í heilbrigðismálum

Fyrir þremur árum birti ríkisstjórnin heilbrigðisáætlun til 2030. Þar er að finna lausnir á vanda heilbrigðiskerfisins.

Þessi áætlun er hins vegar ekki með tímasett markmið. Og hún er með öllu ótengd við fjárlög og fjármálaáætlun. Hún er sem sagt laus við pólitík. Fyrir vikið er áætlunin dautt plagg ofan í skúffu og ástand heilbrigðismála eins og frásagnir fjölmiðla herma.

Í stefnuræðunni var ekki ein vísibending um að setja eigi pólitík í heilbrigðisáætlunina.

Engin málamiðlun í peningamálum

Ríkisfjármál komu einu sinni fyrir í stefnuræðunni.

Skuldir ríkissjóðs eru lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en

hjá grannríkjunum. Eigi að síður þurfum við að taka hærra hlutfall skattpeninga frá velferðarkerfinu til að borga vexti en grannríkin.

Annað hvort er þetta til marks um lélega hagstjórn eða alvarlega gallað peningakerfi.

Eftir fimm ára setu hefði mátt vænta þess að í stefnuræðu kæmi fram skýr pólitík um að laga annað hvort: Hagstjórnina eða brotalöminna í kerfinu. Hvorugt gerðist. Um þetta heyrðum við ekki eitt orð.

Þetta er stærsta mál íslenskrar

hagstjórnar. Óleyst bitnar það á þeim fjölmörgu, sem þurfa að reida sig á velferðarkerfið. Og það bitnar á heimilunum og venjulegum fyrirtækjum, sem ekki hafa flutt sig úr krónuhagkerfinu.

Djúpur vandi

Drjúgur hluti stefnuræðunnar fór í að rökstyðja mikilvægi málamiðlana fyrir lýðræðið. Allt var það satt og rétt.

Sérstaka athygli vakti að forsætisráðherra sagði skautunarstjórnarmál

engan vanda leysa. Þetta er mikið rétt. Og sannarlega gott að heyrja leiðtoga vinstra skautsins í íslenskri pólitík tala þannig.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki verið gagnrýnd fyrir málamiðlanir heldur skort á málamiðlunum.

Engin málamiðlun hefur verið gerð um ný nauðsynleg skref í fjölþjóðasamvinnu. Engin málamiðlun hefur verið gerð um orkuöflun til orkuskipta. Engin málamiðlun hefur verið gerð til að leysa grund-

vallarvanda peningakerfisins. Engin málamiðlun hefur verið gerð um tímasetningar, skipulag og fjármagn til að gefa heilbrigðisáætluninni líf.

Öll þessi mál eru leyst með því að koma í veg fyrir að eitthvað verði gert eins og varaformaður VG lýsti réttilega fyrir skömmu.

Skautin taka kyrrstöðu fram fyrir málamiðlanir um framfarir. Stefnuræðan endurspeglar vel þennan djúpa pólitíska vanda þjóðarinnar. ■



690 kr.



690 kr.




1.490 kr.



1.990 kr.



99KR



1.490 kr.



990 kr.

**BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
7. SEPT.- 3. OKT.**




2.990 kr.

ALLT AÐ
90%
AFSLÁTTUR

OPIÐ
10-19
ALLA DAGA

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL!



MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 22. september 2022



Þykjó hennar fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

MYND/ADSEND

Barnahreiður á bókasafni

sandragudrun@frettabladid.is

Hreiðrum okkur er yfirskrift sýningar sem verður opnuð í Borgarbókasafninu Spönginni í dag klukkan 17.00. Hönnunarteymið Þykjó sýnir þar Krakka-hreiður í salnum Sjónarhóli. Sýningin stendur yfir dagana 22. september til 31. október. Hreiðrin eru fléttuð í samstarfi við Blindravinnustofuna og Gælu Studio. Í samstarfinu er leitast við að fanga lífræn form spörfuglahreiðra sem voru rannsökuð með líffræðingum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Með verkefninu skoða hönnuðirnir hvernig fullorðnir reyna að vefa ungunum sínum öruggt skjól, hver með sínu nefi. Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona sér um hljóðmynd verksins.

Upplifunarahönnun

Þykjó er þverfaglegt hönnunarverkefni fyrir börn og fjölskyldur þeirra, stofnað af Sigríði Sunnu Reynisdóttur. Auk hennar er teymið skipað Ninnu Þórarinsdóttur, Erlu Ólafsdóttur og Sigurbjörgu Stefánsdóttur.

Gæla hönnunarstúdíó bólstrar hreiðrin en stúdíóið þróar vörur sem bjóða upp á fjölbreytt tengsl einstaklings við efni. Stefán B. Stefánsson leiddi hreiðurgerðina í nánu samstarfi við hönnuði Þykjó, en hann er magnaður handverksmaður sem hefur fléttað vöggur og körfur úr tágum fyrir Blindravinnustofuna í yfir þrjátíu ár. ■



Bianca Hallveig Sigurðardóttir hefur lengi haft áhuga á tisku. Ljósmynd úr verkefni sem hún stjórnaði prýddi nýlega skilti á Times Square. Verkefnið kallar hún *When Worlds Collide*, sem má þýða sem: Þegar heimar stangast á, en myndirnar birtust fyrst í tímaritinu *Erlendur Magazine*.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bianca Hallveig gnæfir yfir vegfarendum á Times Square

Það er ekki á hverjum degi sem tvítug íslensk stúlka fær tiskuljósmynd birta á risastóru auglýsingaskilti á Times Square. En Bianca Hallveig Sigurðardóttir var svo heppin á dögnum. Hún vonar að birtingin opni fyrir henni fleiri tækifæri í tiskuheiminum. **2**



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

AUKAKÍLÓIN BURTwww.celsus.is



Bianca vonar að birting myndarinnar á skiltinu eigi eftir að veita henni tækifæri.



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Í síðustu viku blasti við vegfarendum á Times Square risastórt auglýsingaskilti með íslenskri náttúru og þremur íslenskum fyrirsætum klæddum í hönnun eftir hönnuðinn Dovile Riebschlagel sem hannar undir merkinu DovArt-fashion. Bianca er hugmynda-smiðurinn en myndirnar eru hluti af verkefni sem hún hefur unnið að fyrir tímaritið Erlendur Magazine.

„Ég fékk hugmynd að verkefni, sem ég kalla When Worlds Collide, fyrir nokkrum árum. Mig langaði að fá ólíka hönnuði til að koma til Íslands og sýna tísku úti í náttúrunni. Þannig eru heimarnir að stangast á, eins og nafnið á verkefninu gefur til kynna,“ útskýrir Bianca en hún lærði um tísku, listir og hönnun í framhaldsskóla í London.

„Oftast þegar þú sérð tiskuljósmyndir eru þær teknar á mjög einföldum stað, við hvítan vegg eða eitthvað slíkt. En ég vildi sýna samspilið milli náttúrunnar og fatanna og hvernig náttúran og fötin tala saman.“

Bianca útskýrir að verkefnið, When Worlds Collide, sem má þýða sem: Þegar heimar stangast á, sé verkefni sem hún ætlar að halda áfram að vinna í og þróa.

„Dovile, sú sem hannaði fötin á myndunum á auglýsingaskiltinu, kom til Íslands til að vera með í þessu verkefni með mér. Við ákváðum sem sagt að gera það saman. Dovile hannaði fötin og ég var stílisti og stjórnaði myndatökunni. Ég skipulagði hvenær ljósmyndararnir komu og fann fólk til að sjá um förðunina og eiginlega stjórnaði þessu öllu saman,“ segir Bianca, en hún sat líka fyrir á sumum myndunum ásamt frænkunum Jóhönnu Kristjánsdóttur og Shantaye Brown.

Það var hópur hæfileikaríks fólks sem vann við myndatökuna. Ljósmyndarinn var Fróði Brink, Kamilla Kristrúnardóttir Hancock sá um förðun og Andrea Ellen Jones bjó til fylgihlutina.

Mig langaði að fá ólíka hönnuði til að koma til Íslands og sýna tísku úti í náttúrunni.

Bianca Hallveig Sigurðardóttir

Skiltið vekur athygli

En hvernig enduðu myndirnar sem teknar voru fyrir lítið tímarit á Íslandi, á risastóru auglýsingaskilti í New York?

„Dovile var að taka myndir fyrir tiskuvikuna í New York og ákvað að birta þessa mynd til að sýna verkefni sem hún hefur unnið að. Ég vissi þess vegna að myndin gæti endað á skilti þarna, en vissi ekki hvenær. Ég var þess vegna hissa þegar ég sá að skiltið var komið upp. Það var gaman að sjá það,“ segir Bianca.

Aðspurð hvort hún haldi að það eigi eftir að veita henni einhver tækifæri í tiskuheiminum að verk eftir hana sé uppi á svo áberandi stað, svarar hún að hún voni það.

„Mér finnst svo gaman að vinna í einhverju svona. Að taka þátt í stórum verkefnum. Ég held að þessi myndi eigi eftir að veita mér einhver tækifæri. Ég hef fengið góð viðbrögð frá fólki. Það eru margir búnir að heyra í mér og spyrja meira um verkefnið When Worlds Collide og vilja vinna með okkur,“ segir hún.

„Myndirnar á skiltunum birtust fyrst í Erlendur Magazine. En við mamma stofnuðum tímaritið til að hafa vettvang fyrir fólk á Íslandi með erlendan bakgrunn til að sýna hvað það er að gera jákvætt hér á



Bianca Hallveig stefnir að því að vinna áfram að verkefninu When Worlds Collide, en hugmyndin er að sýna hönnun eftir erlenda hönnuði í íslenskri náttúru.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Skiltið gnæfir yfir vegfarendum á Times Square.

MYND/ADSEND



Bianca sat sjálf fyrir myndunum en hér er hún klædd í hönnun eftir Dovile Riebschlagel.

MYND/FRÓÐI BRINK

landi. Okkur fannst ekki mikið fjallað um það í fréttunum svo við ákváðum að stofna tímarit fyrir þennan hóp,“ útskýrir Bianca en þær mæðgur þekkja vel hvernig er að vera útlendingur í heimalandi sínu, Bianca er íslensk en ólst upp í Bretlandi og mamma hennar er íslenskur ríkisborgari en kemur upprunalega frá Jamaíku.

Lítið samfélag skapaðist

Bianca og mamma hennar stofnuðu Erlendur Magazine fyrir tveimur árum og Bianca sér meðal annars um tiskusiðurnar. Hún segir að tímaritinu hafi verið vel tekið af útlendingum búsettum á Íslandi en þær hafi ákveðið að vikka umfjöllunarefni tímaritsins og skrifa núna um alla sem eru útlendingar í því landi sem þeir búa.

„Ári eftir að við stofnuðum tímaritið var svo mikið af fólki alls staðar í heiminum sem vildi vera með. Þess vegna ákváðum við að vikka út efnistökin. Við erum að sýna það jákvæða sem útlendingar gera í því landi sem þeir flytja til,“ segir Bianca.

„Við höfum með þessu tímariti búið til lítið samfélag á Íslandi fyrir fólk af erlendum uppruna. Það hefur fengið tækifæri til að sýna hvað það er að gera og jafnvel hefur einhver annars staðar í heiminum lesið viðtölin og haft samband við fólk. Það er ótrúlega gaman að vita af því. Við höfum líka haft áhrif á fólk á vegum tímaritsins. Þá hefur fólk komið til Íslands til að taka þátt og kynna nýju fólki.“

Það er greinilega nóg um að vera hjá þessari ungu og efnilegu athafnakonu sem á eflaust eftir að láta til sín taka í tiskuheiminum og víðar í framtíðinni. Það verður áhugavert að fylgjast með því. ■

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

BITTE KAI
RAND
1981



hjá
Hjahrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Grænt og glæsilegt

Olivia Wilde, leikkona og leikstjóri, stígur sjaldan feilspor þegar kemur að tísku eins og sjá má á flíkunum sem hún hefur skartað undanfarið við kynningu á kvikmyndinni *Don't Worry Darling*, sem er jafnframt annað leikstjórnarverk hennar.

jme@frettabladid.is

Þegar hæfileikabúntið Olivia Wilde er ekki að rokka jakka-fatalúkkið með hvítri skyrtu og svörtum jakka, þá er hún óhrædd við að klæðast sterkum litum sem fara henni einstaklega vel allan ársins hring. Wilde þekkja mörg úr sjónvarpinu þar sem hún lék Remy „Thirteen“ Hadley í spítaldramaseríunni *House* sem var í loftinu á árunum 2007–2012.

Virtur leikstjóri

Olivia Wilde var glæsileg á rauða dreglingum í Feneyjum við forsyningu kvikmyndarinnar *Don't Worry Darling*, sem hún leikstýrði. *Don't Worry Darling* er önnur kvikmyndin sem Olivia leikstýrir en áður leikstýrði hún kvikmyndinni *Booksmart*, sem hún hlaut virt verðlaun fyrir.

Don't Worry Darling er sálfræðitryllir byggður á sögu eftir Carey Van Dyke, Shane Van Dyke og Silberman. Í myndinni leika Florence Pugh og Harry Styles að því er virðist nokkuð hamingjusöm hjón

» Á Spáni, þann 17. september klæddist Olivia Wilde öðru grænu dressi.

á sjötta áratugnum, sem búa í sérstöku tilraunasamfélagi þar sem ýmislegt grunsamlegt er á seyði. Aðrir leikarar eru Gemma Chan, Kiki Layne, Nick Kroll og Chris Pine. Einnig kemur Olivia Wilde fram í kvikmyndinni í aukahlutverki. *Don't Worry Darling* kemur í kvikmyndahúsin 23. september.

Græn Olivia

Hin 38 ára leikstýra klæddist glæsilegri smaragðsgrænni Chanel-dragt á forsyningunni. Undir jakkanum var hún í einföldum svörtum brjóstahaldara. Svört kúrekastígvelin sem hún klæddist gáfu annars finlegu jakkasettinu nútímalegt yfirbragð.

Á Spáni, þann 17. september, klæddist Olivia Wilde öðru grænu dressi við kynningu á kvikmyndinni á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í San Sebastian. Þar kom hún fram í glæsilegum þröngum blágrænum palliottukjól úr haustlínu Valentino sem fangaði athygli viðstaddra. ■



Græna Chanel dragtin sem Wilde klæddist á forsyningu nýjustu kvikmyndar sinnar, vakti mikla athygli tiskusamfélagsins. Það hvernig haldarinn kíkir út um opið þótti einstaklega smart.



Olivia er glæsileg í nær hvaða lit sem er. Þessi gula dragt er úr smiðju Kwaidan Editions.



NÝTT FRÁ TAIFUN



Fylgið okkur á FB Laxdal er í leiðinni



BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Þessi græni kjóll úr smiðju Valentino hefur réttilega verið nefndur hafmeyjukjóllinn.

Hér má sjá Wilde í gullfallegum ferskjubleikum kjól úr smiðju Valentino.



YEST/YESTA síð kápa – vendingur
Stærðir 38-56
Verð 28.980 kr



YEST/YESTA millisíð úlpa
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-56
Verð 17.980 kr



YEST/YESTA úlpa með loðkraga
Stærðir 38-56
Verð 28.980 kr



YEST/YESTA stutt úlpa
Stærðir 36-56
Verð 16.980 kr



YEST/YESTA softshell jakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 44-60
Verð 22.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE
Nordic

QUE



STUDIO Terese síð jakkapeysa
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



STUDIO Emilie síð skyrtu
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð 14.980 kr



STUDIO Emilie síð skyrtu
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



STUDIO Birgitte kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



YESTA Ankaria tunica
Stærðir 44-56
Verð 10.980 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ZE ZE Sanne pleður buxur
Fæst líka í ólífugrænu
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr



ZHENZI Step buxur
Stærðir 42-56
Verð 10.990 kr



ROBELL Nena ökklabuxur
Fást í nokkrum litum
Stærðir 34-52
Verð 11.980 kr

LASESSOR Karla silkiklútur
Fleiri gerðir og litir til
Verð 6.990 kr



LASESSOR Marcia hringklútur
Fæst líka í bláu
Verð 4.990 kr

LASESSOR húfa
Fæst í fleiri litum
Verð 9.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Bara ósköp ofvirkar margra barna mæður



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Prjónahönnuðirnir Védís Kara Reykdal Ólafsdóttir og Telma Sif Guðmundsdóttir eiga sameiginlegt að hafa eignast sitt fyrsta barn 16 ára. Þær opnuðu nýlega vefsíðu með eigin prjónauppskriftum.

„Í mínu tilfelli var það þrjóska ein sem kenndi mér að prjóna, þegar ég ákvað upp á mitt einsdæmi að byrja að prjóna þar sem ég sat ein heima ófrísk þegar við bjuggum í Noregi þar sem maðurinn minn var í námi. Það var hins vegar amma Telmu sem kenndi henni hvernig unnið er með spottann, og svo auðvitað YouTube,“ segir Védís Kara sem er 29 ára fjögurra barna móðir og prjónahönnuður.

Védís setti nýlega upp prjónauppskriftasíðuna Slip Slip Knit í samstarfi við Telmu Sif Guðmundsdóttur, sem býr í Svíþjóð.

„Nafnið vísar í prjónaaðferð sem kallast „slip slip knit“ á ensku. Þegar við vorum komnar með sirka þúsund uppástungum um nafn á vefinn fannst okkur þessi passa best því við vildum hafa nafn sem fangaði athyglina,“ útskýrir Védís.

Bland af brjóstapöku og hvatvísi
Védís er úr Þorlákshöfn og Telma úr Mosfellsbæ.

„Við erum bara ósköp ofvirkar margra barna mæður sem eignuðumst fyrstu börnin okkar of fljótt, eða þegar við vorum 16 ára. Við þekkjumst þó ekki þaðan, en Telma á þrjú börn,“ upplýsir Védís um tilurð þess að þær stöllu náðu saman og fóru að hanna prjónaflikur.

„Okkur fannst allir á Íslandi vera að gera það sama í prjónaflikum og erum báðar með þannig haus að hann vinnur á borð við svona sjö manns. Þannig fæddist hver hugmyndin á fætur annarri þar til við ákváðum að vinna bara saman og gera prjónauppskriftir. Við óðum því út í þann hafsþjón án þess að hafa kúta né kork, svo það má segja að þarna hafi verið í gangi bland af brjóstapöku, hvatvísi og svefnleysi,“ segir Védís og skellir upp úr.

Þær reyna að fara í aðra átt en aðrir prjónahönnuðir.

„En eins og flestir vita þá er enginn að finna upp hjólið í prjónabransanum. Við reynum bara að hanna okkar flikur eftir því sem okkur sjálfum þykir fallegt.“


Peysan varð eins og flothringur
Fyrsta prjónaminning Védísar er frá því á sautjándu árinu.

„Þá ætlaði ég að vera svo galvösk að prjóna mér lopapeysu. Ég



Védís Kara með þremur yngstu börnum sínum sem hér eru öll klædd í prjónahönnun mömmu sinnar, peysur og húfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Elsta dóttir Védísar í sægrænni peysu með rauðbleikum bekk.

notaði náttúrulega prjóna sem áttu að henta í prjónaskapinn, en funkuruðu alls ekki fyrir mig þar sem ég prjóna mjög fast og þarf alltaf að stækka um prjónastærð. Ég gat svo með engu móti skilið hvernig ég átti að taka lykkjurnar í handarkrikanum og geyma til að lykka þær saman seinna, svo peysan varð hálfgerður flothringur á mér,“ segir Védís og skellihlær.

„Telma náði hins vegar mun fyrir tókum á lopapeysuprjóni því hennar fyrsta minning er einmitt lopapeysa sem hún prjónaði á pabba sinn og tókst svona ljóm-andi vel þrátt fyrir ýmsar villur í munstrinu.“

Þær Védís og Telma njóta þess að sitja með prjónana: Telma í



Töff og blá rúllukragapeysa með vasa, en einlitt er mikið í tisku nú.

ungbarnaprjóninu á meðan Védís er sáttust við að klára bara berustykki og bolinn.

„Það er leyndarmál heimsins hversu margar peysur eru erma-lausar heima,“ segir hún kímín.

Prjón veitir hugarró og slökun
Vinkonurnar segjast báðar háðar því að kíkja á Pinterest og að þar verði oft til kveikja að prjónaflikum þeirra.

„Börnin okkar veita auðvitað líka innblástur upp að vissu marki, sem og gjafir sem við nostrum við og hönnum hverju sinni. Það er svo sniðugt að skella í eitt vettlingapar eða húfu og gefa, til að vera bæði persónulegur og með peningavitið á hreinu. Svo verður maður

vitaskuld að fylgja aðeins tiskunni og hafa flikina einlita, sem er mjög móðins núna, þótt litir séu að koma sterkar inn og við erum svolítið á þeim vagninum akkúrat núna,“ greinir Védís frá.

Það fer svo eftir flíkunum og hversu langt prjónafólk er komið hvort uppskriftirnar séu flóknar.

„Sjálfar viljum við meina að uppskriftirnar séu vel útskýrðar en það er alltaf persónubundið hvort prjón er flókið eða ekki. Við látum fylgja með fleiri en færri útskýringar, ef fólk skyldi ákveða að taka stökkið áfram og skora á sjálft sig í prjónaskapnum.“

Spurð hverju hún sé stolt af í prjónaskapnum svarar Védís:

„Ég er stolt af því að geta verið með úrval af prjónauppskriftum sem fólk langar að spreya sig á. Það er rosalega skemmtileg tilfinning að vera úti að labba, eða að sækja börnin í skólann, og sjá barn hlaupa fram hjá í prjónaflik sem eitt sinn var hugmynd sem maður setti niður á blað. Það er miklu persónulegra að klæðast og gefa flik sem maður hefur sjálfur búið til. Prjón veitir líka mörgum hugarró og slökun – nema kannski Telmu því hún þarf svo ansi oft að rekja upp því ég er alltaf að breyta,“ segir Védís stríðnislega og hlær. ■

Skoðið prjónauppskriftir Védísar og Telmu á slipslipknit.is

Telma Sif Guðmundsdóttir er þriggja barna móðir sem elskar að hanna og prjóna ungbarnaföt.

MYND/ADSEND

Léttari lund, alla daga

MAG-YOUR-MIND® er öflug blanda af magnesíum, B6 & B9 ásamt burnirót og adaptógenum.

Vinnur gegn streitu og skerpir hugsun.



Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi! MAG-YOUR-MIND fæst nú í Apótekaranam, Lyf & heilsu, Hagkaup og Fjarðarkaup.

HR

HELENA RUBINSTEIN

STERKARI HÚÐ

175 MILLJÓNIR
NÁTTÚRULEGRA
JURTAFRUMA Í
HVERRI FLÖSKU



STYRKJANDI SERUM
FYRIR UNGLEGRI OG STERKARI HÚÐ

HELENA RUBINSTEIN

Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir Helena Rubinstein vörur fyrir 13.000 kr. eða meira á meðan birgðir endast.



Snyrtitaska
Powercell Essence 30 ml
Powercell maski 20 ml
Powercell serum 10 ml
All Mascara 50 ml
Lash Queen ferðamaskari

20% afsláttur

af öllum Helena Rubinstein vörum
22. - 28. september

HAGKAUP

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Mazda MX-30 rafmagnsbíll. 6/2021 Sýningarbíll ekinn aðeins 602 km. 35,5 kWh rafhlaða. Uppgefin drægni 200 km. 5 dýra. Makoto typta með glertoppplúgu og öllum fánlegum búnaði. Hann er þinn fyrir aðeins 4.890.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltir málarameistarar. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnboгалitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagning
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti

runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggia megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarollur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

NÝTT Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Atla í síma 899 1178

Hafnarbraut 12 A
200 Kópavogur

**Vel skipulögð og falleg
128 fm 4ra herbergja
endaíbúð á efstu hæð (3ju)**

- Opíð bjart stofu og eldhúsrými
- Þrjú rúmgóð svefnherbergi
- Stórar sólríkar svalir
- Góð geymsla
- Stæð í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
Atli S. Sigvarðsson
Íögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Verð: **89,9 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, Íöggir fasteignastarfar

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

Kleppsgarðar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. ágúst 2022 og borgarráðs 25. ágúst 2022 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 12. ágúst 2022, vegna gerð nýs deiliskipulags að Kleppsgörðum. Tilgangur skipulagsins er að koma fyrir byggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 20. október 2022.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is



ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR

HAFDU SAMBAND OG
VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Um **11.000 Íslendingar** vinna
ólaunuð störf við umönnun á
fólki með heilabilun.

Leggðu okkur lið með því að **gerast Heilavinur.**



www.heilavinur.is



ALZHEIMER
SAMTÖKIN



Alfreð Finnbogason er líklegur til þess að spila sinn fyrsta landsleik undir stjórn Arnars Þórs í dag. Alfreð er að ná heilsu eftir þrálát meiddli síðustu ár.

MYND/KSI

Endurkomur setja aukna pressu á Arnar Þór í starfi

Hörður Magnússon telur að aukin pressa sé á Arnari Viðarssyni landsliðsþjálfara eftir að eldri leikmenn snéru aftur í íslenska landsliðið. Arnari hefur gengið erfiðlega að vinna leiki í starfi en fær tækifæri í Austurríki dag.

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska A-landsliðið leikur í dag vináttulandsleik við Venesúela en leikurinn fer fram á Motion Invest-leikvanginum í Austurríki. Á þriðjudag á svo liðið verkefni í Þjóðadeild en sigur þar gæti dugað til að vinna riðilinn og komast upp í A-deild.

Endurkoma reyndari leikmanna hefur verið í fréttum frá því að landsliðshópurinn var valinn á föstudag. Arnar Þór Viðarsson,

landsliðsþjálfari, valdi Aron Einar Gunnarsson aftur í landsliðshópinum eftir að að kæra vegna kynferðisbrots var felld niður af ríkissaksóknara. Landsliðsmaðurinn fyrrverandi og íþróttafréttamaðurinn, Hörður Magnússon, mun lýsa því sem fyrir augun ber á Viaplay en leikurinn hefst klukkan 16.00. „Þetta er kærkomið verkefni fyrir Arnar að fá þessa tvo leiki í ljósi þess að hann getur valið úr fleiri leikmönnum. Það er algjörlega ljóst að innkoma þessara þremmenninga mun styrkja liðið til mikilla muna,“ segir Hörður Magnússon, en Alfreð Finnbogason, Aron Einar og Guðlaugur Victor Pálsson eru mættir aftur í íslenska landsliðshópinum eftir langa fjarveru.

Jóhann Berg Guðmundsson hafði einnig hug á snúa aftur í landsliðið en smávægileg meiddli komu í veg

”

Ég hefði kannski látið það vera að einhverju leyti. Mér fannst hann svolítið brútal.



Hörður Magnússon, íþróttafréttamaður hjá Viaplay

fyrir það. „Það hefði verið gaman að sjá aðeins fleiri en þessir þrír eru mjög öflugir og koma inn með mikla reynslu. Þessir leikmenn sem hafa verið að stíga sín fyrstu skref fá loksins lærifedur til að hjálpa sér í gegnum þetta. Mér finnst það punkturinn í þessu,“ segir Hörður, en mikil endurnýjun hefur átt sér stað í landsliðinu undir stjórn Arnars Þórs.

„Þetta er það sem hefur vantað fyrir þessa 18-19 ára gömlu leik-

menn sem eru sumir ekki alveg tilbúnir. Þessi endurnýjun hefur ekki verið lífræn og komið af öðrum ástæðum. Sumir hverjir hafa verið að fá landsleiki þegar ljóst er að þeir eru ekki tilbúnir í A-landsliðið. Þetta er eins og það er, við höfum enn möguleika á að fara upp í A-deild og þetta flókna ferli, sem eru styrkleikaflokkar fyrir næstu undankeppni. Þetta verkefni er mikilvægar en fólk heldur.“

Arnar of hreinskilinn

Hörður telur að með endurkomu reyndari leikmanna sé meiri pressa á Arnari Viðarssyni í starfi, hann geti ekki falið sig á bak við það að vera með ungt lið sem þurfi tíma. „Ég hef verið spurður út í þetta með Arnar, frá upphafi hefur verið mjög erfitt að gagnrýna hann. Á þeim forsendum að hann hafði ekki úr öllum spilastokkunum að velja, hendur hans hafa verið bundnar. Það er alveg ljóst að það er ýmislegt sem má gagnrýna í hans framgangi og núna er ekki endalaust verið að fela sig á bak við það að vanti þennan eða hinn.“

Arnar Þór ákvað að velja ekki Albert Guðmundsson, leikmann Genoa, í hópinn. Hann sagði leikmanninn ekki hafa nógu gott hugarfar til að spila fyrir íslenska landsliðið. „Hann er kannski of

hreinskilinn stundum, ég hefði kannski látið það vera að einhverju leyti að segja það sem hann sagði. Mér fannst hann svolítið brútal, aðeins of mikið. Ég hefði frekar sagt að Albert væri ekki í myndinni núna en Arnar er hreinskilinn maður. Það ber að virða það, hann var ekki að fara í kringum heitan grautinn þarna,“ segir Hörður um ákvörðun Arnars.

Bjartari tímar á næstu grósum

Hörður telur að með meiri reynslu í leikmannahópi Arnars séu bjartari tímar fram undan. Liðið mun á næsta ári fara inn í undankeppni Evrópumótsins þar sem möguleiki á miða er stór. „Það eru bjartari tímar fram undan, þetta er búið að vera svakalega dapurt og gerist á skömmum tíma. Það eru margir leikmenn sem fara út af ýmsum ástæðum og þetta hefur ekki verið eðlilegt ástand. Ég held að menn hafi kannski vanmetið hversu alvarlegt ástandið hefur verið, við missum nánast heilt byrjunarlið á einu bretti. Fyrir íslenska knattspyrnu vona ég að leiðin sé upp á við, að við séum að stíga frá botninum,“ segir Hörður, sem mun eftir leikinn í kvöld pakka í tösku og halda til Albaníu þar sem hann lýsir leik Albaníu og Íslands beint frá Air Albania-vellinum í Tirana. ■

Vonbrigðin í Kaupmannahöfn að baki og nýr kafli tekur við

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Andri Fannar Baldursson er í U-21 árs landsliði Íslands sem mætir Tékklandi í fyrri leik þjóðanna í umspili um sæti í loka-keppni EM á næsta ári. Hann telur Ísland eiga góða möguleika.

Fyrri leikurinn fer fram á Víkingsvelli á morgun og sá seinni ytra á þriðjudag.

„Þetta eru tveir mjög spennandi leikir. Ég er sérstaklega spenntur fyrir leiknum hér heima, þar sem við erum með stuðninginn,“ segir Andri, en hann á níu A-landsleiki að baki.

„Við erum með mjög sterkt lið og vitum hvað við getum. Við eigum mjög góða möguleika á að vinna þá.“

Markmiðið í Hollandi einfalt

Andri gekk í sumar í raðir NEC Nijmegen í hollensku úrvalsdeildinni á láni frá Bologna á Ítalíu.

„Ég er í góðu standi og er búinn að æfa vel. Ég fékk einhverja sýkingu í höndina snemma í Hollandi. Ég var settur á lyf og mátti ekki æfa í nokkra daga. Það hélt aðeins aftur af mér. Nú er það bara að vinna sig inn í liðið og ég hef fulla trú á að ég geri það.“

Andri var á láni hjá FC Kaupmannahöfn í fyrra. Þar ætlaði hann að ná dýrmætum mínútum undir beltið á háu stigi. Það gekk hins vegar ekki eftir.

„Ég ætlaði auðvitað að fara til Danmerkur til að þroskast sem leikmaður og verða betri en það fór sem fór. Meiddslin spiluðu auðvitað

mikið inn í, en sá tími er búinn og ég hef lært helling af því. Þetta voru auðvitað vonbrigði en svona er fótboltinn.“

Stefnir á að sanna sig

Andri er aðeins tvítugur en á þó að baki sextán leiki fyrir aðallið Bologna. Hann stefnir enn á að sanna sig á Ítalíu.

„Það er draumur hjá mér að komast í byrjunarliðið hjá Bologna,“ segir Andri og bætir við að reynslan sem hann fékk með aðalliðinu á yngri árum hafi verið dýrmæt.

„Nú er ég kominn til Hollands til að bæta mig og fá fleiri mínútur. Vonandi gengur það vel. Þá get ég komið aftur til Bologna og allavega ytt á byrjunarliðssæti,“ segir Andri Fannar Baldursson. ■



Andri Fannar tók á því á æfingu í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eftir tvöfalda aðgerð á nefi er UFC bardagakappinn Gunnar Nelson klár í slaginn á nýjan leik. Hann er með augun á fyrirhuguðu stærsta bardagakvöldi UFC í Evrópu og sambandið veit af því.

aron@frettabladid.is

MMA Eftir yfirburðasigur gegn Takashi Sato á bardagakvöldi UFC í Lundúnum í mars á þessu ári áttu margir von á því að ekki liði á löngu þar til Gunnar myndi snúa aftur í bardagabúrið.

Sú var tilfinningin í herbúðum Gunnars einnig, en eitt högg sem hann fékk á sig í bardaganum varð til þess að önnur nösín á honum lokaðist, vandamál sem var viðbúið. Gunnar þurfti því að fara í tvöfalda aðgerð á nefi í sumar og hefur endurhæfingin síðan þá gengið vel. Gunnar er nú klár í slaginn á nýjan leik. Haraldur Dean Nelson, umboðsmaður og faðir Gunnars, sendi UFC tilkynningu þess efnis fyrr í vikunni.

Vill á risakvöldið

„Staðan er sú að bara núna í vikunni sendi ég UFC stöðuna á Gunnari, hann væri byrjaður að æfa á nýjan leik eftir þessa nefaðgerð og vesenið sem fylgdi því. Hann er sem sagt tilbúinn í baráttuna á nýjan leik en mun þó líkt og áður þurfa sinn tíma í undirbúning fyrir bardaga,“ segir Haraldur við Fréttablaðið.

En það voru ekki einu upplýsingarnar sem Haraldur sendi UFC. „Við tilkynntum UFC einnig þá afstöðu okkar að vilja sjá Gunnar berjast á bardagakvöldinu sem verður sniðið í kringum titilbardaga Leon Edwards og Kamaru Usman í veltivigtardeildinni.“

Ekki er komin endanleg dagsetning á það bardagakvöld en það mun fara fram á Bretlandi og aðalbardagi þess verður titilbardagi veltivigtardeildarinnar, þriðji bardaginn milli ríkjandi meistarans, Bretans Leon Edwards og Kamaru Usman, fyrrum meistara deildarinnar. Dana White forseti UFC hefur áður sagt að verið sé að skoða alla stærstu leikvanga Bretlands til að hýsa bardagakvöldið.

„Það verður stærsta bardagakvöld í Evrópu hingað til og það er eitthvað sem við höfum áhuga á að taka þátt í,“ segir Haraldur. „Sennilega verður það ekki fyrr en einhvern tímann á næsta ári og vonir okkar standa til að ná jafnvel einum bardaga fyrir það bardagakvöld, það yrði þó að vera vel fyrir bardagakvöldið á Bretlandi.“

Ég fékk þau viðbrögð frá UFC að tilkynningar okkar væru allar saman móttekna og nú bíðum við bara og sjáum hvað verður. Við



Gunnar Nelson setur stefnuna á risakvöld UFC á Bretlandi

Gunnar Nelson er fyrsti og eini Íslendingurinn til þess að reyna fyrir sér í UFC til þessa.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Stærsta bardagakvöld í Evrópu hingað til og það er eitthvað sem við viljum taka þátt í.

höfum mikinn áhuga á þessu fyrirhugaða bardagakvöldi á Bretlandi en það sama gildir líka um alla aðra bardagamenn í UFC. Þetta verður risakvöld.“

Vinsæll í Evrópu

Gunnar hefur notið, og nýtur enn, mikillar hylli innan UFC áhugafélks á Bretlandseyjum og Evrópu. Þá er sambandið milli hans og Edwards, ríkjandi meistarans, mjög gott.

„Ég vona að þetta vinni með okkur. Sambandið við Edwards er gott þrátt fyrir að hann og Gunnar hafi mæst í bardagabúrinu á sínum tíma.“

Vinsældir Gunnars gætu hins vegar unnið á móti honum í þessum efnunum. „UFC setur Gunnar íðulega á ákveðin bardagakvöld



Hann er klár. UFC veit af því og það lítur út fyrir að allt hafi gengið að óskum.

Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson

til þess að auka miðasölu sökum vinsælda hans, sér í lagi í Evrópu. Kannski sér sambandið ekki þörf á því á þessu stóra bardagakvöldi sem er í smíðum á Bretlandi. UFC

gæti þess vegna séð hag sinn í því að setja hann á annað bardagakvöld því það mun seljast upp á þetta kvöld mjög fljótt.“

Hann er klár

Haraldur segir endurhæfingu Gunnars síðastliðna mánuði hafa gengið mjög vel. „Hann fór í seinni aðgerðina í lok júní og þurfti að taka því rólega fyrst um sinn, fara varlega í að minnsta kosti tvo til þrjá mánuði. Það eru ekki liðnir þrjú mánuðir en hann er byrjaður að æfa á fullu. Auðvitað tókum við varfærnisleg skref fyrst enda viljum við að þetta sé hundrað prósent, það er betra að taka tveimur vikum lengur en skemur til að tryggja þetta. Hann er hins vegar klár, UFC veit af því og það lítur út fyrir að allt hafi gengið að óskum.“ ■



ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótnum.



HRINGBRAUT

Merkisatburðir

- 1206** Guðmundur Arason biskup bannfærir Kolbein Tumason.
- 1565** Magnús Jónsson prúði gengur að eiga Ragnheiði Eggertsdóttur og flytur að Ögri við Ísafjarðardjúpi.
- 1609** Allir kristnir márar eru reknir frá Spáni til Marokkó. Allt að þriðjungur íbúa suðurhéraða Spánar hverfur á brott.
- 1704** Sæmundur Þórarinnsson bóndi í Árbæ finnst myrtur í Elliðaám. Eiginkona hans og mótbýlismaður þeirra voru síðar dæmd til lífláts fyrir morðið.
- 1930** Ferðafélag Íslands tekur fyrsta sæluhús sitt í notkun. Húsið er í Hvítárnesi uppi undir Langjökli.
- 1957** Árbæjarsafn er opinberlega opnað almenningi með viðhöfn.
- 1960** Frakkar viðurkenna sjálfstæði Malí.
- 1964** Söngleikurinn Fiðlarinn á þakinu er frumsýndur á Broadway.
- 1973** Menntaskólinn í Kópavogi er settur í fyrsta skipti.
- 1975** Sara Jane Moore reynir að myrða Bandaríkjaforseta, Gerald Ford, í San Francisco.
- 1985** Plaza-samningurinn um lækun Bandaríkjadals er undirritaður af fulltrúum fimm ríkja.
- 1994** Fyrsti þáttur sjónvarpsþáttaraðarinnar **Friends** fer í loftið á NBC í Bandaríkjunum.



Farskólinn í fyrra stillir sér upp fyrir mynd á Stykkishólmi.

MYND/HÖRÐUR GEIRSSON

Safnafólk safnast saman

Stæðilegur hópur safnafólks er nú samankominn á eins konar ættarmóti á Austurlandi til að bera saman fjölbreyttar bækur sínar.

arnartomas@frettabladid.is

Ár hvert safnast félagsmenn FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnmanna, saman á einhverju landshorninu til að bera saman bækur sínar í farskóla. Þessi fagræðstefna hefur verið haldin frá árinu 1989 og er mikilvægur vettvangur endurmenntunar hjá íslensku safnafólki. Í ár er hópurinn saman kominn á Hótel Hallormsstað til að vikka sjóndeildarhring sinn.

„Við flokkum á milli landshluta og erum jafnvel stundum í útlöndum,“ segir Dagrún Ósk Jónsdóttir hjá FÍSOS.

„Það er svo margt sem maður getur lært af öðrum. Það er hægt að fá góðar hugmyndir eða stofna til samstarfs með söfnum sem eru að gera svipaða hluti eða bara eitthvað allt annað. Svo er líka hægt að læra af reynslu hvers annars því það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið. Stundum er bara gott að spjalla við þau sem hafa prufað það sem manni langar að prufa.“

Eins konar ættarmót

Í farskólanum í ár verður að vanda boðið upp á fjölda af áhugaverðum erindum og málstofum. Þegar blaðamaður náði á hópinn var hann staddur á Seyðisfirði þar sem Tækniminjasafnið var í brenni-depli.

„Tækniminjasafnið hefur auðvitað þurft að glíma við alls konar hluti sem

önnur söfn hafa ekki þurft að eiga við því það lenti í aurskríðunni 2020,“ segir Dagrún Ósk. „Við höfum fengið að sjá hvað hefur átt sér stað síðan þá og hver þeirra næstu skref eru.“

Í ferðinni verður stefnan sett á Öbyggðasetrið, Skriðuklaustur og Minjasafn Austurlands. Yfirskrift fjölbreyttrar ráðstefnunnar í ár er Söfn á tímamótum.

„Söfn standa á fjölbreyttum tímamótum á ýmsum sviðum svo þetta er gott tækifæri til að horfa til framtíðar,“ útskýrir Dagrún sem segir safnafólk á Íslandi vera samheldinn hóp. „Þetta er mjög góð stemning. Það eru mörg sem hafa komið í farskólann ár eftir ár svo þetta er svolítið eins og maður sé að koma á ættarmót. Þetta er vissulega fræðsla og endurmenntun en líka virkilega skemmtilegt.“ ■

ÞETTA GERÐIST: 22. SEPTEMBER 1992

Sigrún Hrafnisdóttir fékk níu gull

Sundkonan Sigrún Huld Hrafnisdóttir hreppti flest verðlaun allra keppenda á Ólympíuleikum þroskahamlaðra sem haldin voru í Madrid á Spáni og lauk þennan dag fyrir tuttugu árum. Hún hlaut níu gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun. Auk þess setti hún fjögur heimsmet í einstaklingsgreinum og var í boðsundssveitinni sem setti fjögur heimsmet.

Þetta var einstætt afrek í íþróttasögunni. Um 2.500 þátttakendur frá 72 þjóðum voru á þessum fyrstu Ólympíuleikum þroskahamlaðra. Íslendingar voru þar sigursælir og hlutu tuttugu og ein verðlaun, tíu gull, sex silfur og fimm brons.

Þeir urðu í öðru sæti í sundi á eftir Áströlum og fengu hlýjar móttökur þegar þeir komu heim. ■



Alls eru 30 ár síðan Sigrún Huld kom heim með níu gullverðlaun frá Ólympíuleikum þroskahamlaðra.

FRETTABLAÐIÐ/GVA



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Pálína Júlíusdóttir**

Dalbraut 16,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjöli 29. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Áskirkju mánudaginn 26. september kl. 13.00.

Július Hafsteinsson
Rannveig Andrésdóttir
Björg Andrésdóttir
Þorleifur Andrésson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Richter
Sveinn Finnbogason
Einar Hafliði Einarsson
Ragnheiður Valgarðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku hjartans fallega, duglega og yndislega mamma okkar, amma, langamma og systir, **Guðný Kristjánsdóttir**

áður til heimilis að Dalseli 40, Reykjavík,

lést hinn 19. september á Hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðapíngi 5-7, Kópavogi. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 27. september kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Athöfninni verður streymt á: hljodx.is/index.php/streymi2

Fjóla Baldursdóttir
Gefn Baldursdóttir
Kristján F. Baldursson
Guðjón Á. Guðjónsson
Heidi Stolberg
Lise Granlien
barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa, **Karls Magnúsar Svafars Karlssonar**

Magga Kalla
Boðahlein 11,

áður Norðurbraut 17, Hafnarfirði,

sem lést miðvikudaginn 10. ágúst á heimili sínu. Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar og HERU líknarheimabjónustu fyrir kærleiksrika umönnun og hlýju.

Guðbjörg Jónína Katrín Arndal
Guðný Þórunn Magnúsdóttir
Stefán Karl Magnússon
Elin María Magnúsdóttir
Lára Björk Magnúsdóttir
Kristján Evar Magnússon
Karólína Ósk Valgeirsdóttir
afabörn og langafabörn.

Sigrún Björk Sverrisdóttir
Reynir Jóhannsson
Erla Lúðvíksdóttir
Gunnar Örn Árnason



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi, **Atli Sigurðsson**

bóndi, Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. september, verður jarðsunninn í Þorgeirskirkju laugardaginn 24. september kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Hollvínasamtök Þorgeirskirkju (reikningsnúmer 1110-15-201755, kt. 560119-2160).

Elma Atladóttir
Ragna Atladóttir
Sigurður Atlason
Þráinn Óskarsson
Guðmundur Sigfinnsson
Berglind Gunnarsdóttir
og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, stjúpafi og langafi, **Garðar Alfonsson**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 8. september.

Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. september klukkan 13.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk öldrunardeildar B-4 í Fossvogi fyrir hlýja og góða umönnun.

Elin Skarphéðinsdóttir
Skarphéðinn Garðarsson
Garðar Árni Skarphéðinsson
Guðmundur Björn Birkinsson
Heiða Björk Birkinsson
Guðmundur Atli og Elisabet Dóra Jónasarbörn

Elisabet Árný Tómasdóttir
Maria Reis
Þórhildur Vala Þorgilsdóttir
Jónas Þór Guðmundsson

George
CLOONEY *Julia*
ROBERTS



TICKET
to
PARADISE

Komin í bió

HÁSKÓLA  BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

ÁLFABAKKI  SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN  EGILSHÖLL

SMÁRA  BÍÓ

AKUREYRI  SAMBÍÓIN

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Vikurfrétt Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Fjallaskálar Íslands (e) Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildarþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Mannamál (e)

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.45 The Late Late Show
- 13.30 Love Island (US)
- 14.30 The Bachelorette
- 16.00 The Block
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 Matarboð
- 20.50 The Resident
- 21.40 Dan Brown's The Lost Symbol
- 22.30 Walker
- 23.15 The Late Late Show
- 00.00 Love Island (US)
- 00.50 FBI. International
- 01.35 Chicago Med
- 02.20 Law and Order. Organized Crime
- 03.05 Halo
- 03.55 American Rust

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2014-2015 Garðabær - Hveragerði.
- 14.30 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991)
- 15.45 Eldað með Ebbu
- 16.15 Brautryðjendur Valdis Óskarsdóttir.
- 16.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
- 17.00 Basl er búskapur
- 17.30 Ekki gera þetta heima
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Listaninja
- 18.29 Þorri og Þóra - vinir í raun
- 18.42 KrakkaRÚV
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins Mannakorn - Aldrei of seint.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Elda, borða, aftur og aftur Nigella's Cook, Eat, Repeat
- 20.40 Ofurhundurinn minn Min superhund Dönsk heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá 2021. Fyrir sumt fólk er hundur ekki bara trygglynt gæludýr heldur lífsnauðsynleg hjálparhella sem gerir daglegt líf mögulegt.
- 21.10 Tuskubrúða Ragdoll Breskir spennuþættir. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Neyðarvaktin Chicago Fire
- 23.00 Um Atlantsála Atlantic Crossing
- 23.55 Dagskrárlök

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.20 Grand Designs. Sweden
- 10.05 Shriill
- 10.25 Britain's Got Talent
- 11.25 Hestalífið
- 11.35 Skítamix
- 12.00 Dýraspítallinn
- 12.25 Nágrannar
- 12.50 Family Law
- 13.30 30 Rock
- 13.50 Þetta reddast Hversu þunn á pönnukaka að vera? Katrín Jakobsdóttir kemur Dóru til bjargar.
- 14.15 Sorry for Your Loss
- 14.45 Grand Designs. Australia
- 15.35 The Heart Guy
- 16.20 Matarboð með Evu
- 16.55 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Temptation Island
- 19.50 Mr. Mayor
- 20.15 Camp Getaway
- 21.00 Rutherford Falls
- 21.25 The PM's Daughter
- 21.50 Real Time With Bill Maher
- 22.45 Outlander
- 23.50 Agent Hamilton
- 00.35 Lie With Me
- 01.20 The Mentalist
- 02.00 Grand Designs. Sweden
- 02.45 Shriill
- 03.10 Family Law
- 03.55 30 Rock
- 04.15 Sorry for Your Loss

Mannamál

Í kvöld verður endursýndur á Hringbraut þáttur Mannamála þar sem Sigmundur Ernir spjallar við Kristján Berg, oft kenndan við fiskverslunina Fiskikónginn. Þar fara þeir yfir mál á borð við það þegar Kristján var gripinn fyrir fíkniefnasmygl árið 1997, þegar nafn hans birtist í Panama-skjölunum og þegar hann flutti með fjölskyldu sinni til Danmerkur eftir að hafa selt búðina.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 með
- 5 verkfæri
- 6 sön
- 8 vöndull
- 10 líka
- 11 gönuhlaup
- 12 þófta
- 13 ánægja
- 15 guðaveig
- 17 tjón

LÓÐRÉTT

- 1 hvatning
- 2 glumdi
- 3 regla
- 4 gimsteinn
- 7 árstíð
- 9 brykkja
- 12 óregla
- 14 skagi
- 16 til

LÓÐRÉTT: 1 áskorun, 2 söng, 3 agl, 4 tópas, 7 res, 12 sess, 13 unun, 15 nektar, 17 sköð.
LÁRÉTT: 1 ásamt, 5 sög, 6 óm, 8 knippi, 10 og, 11 misseri, 9 prenta, 12 sukk, 14 nes, 16 að.


Sudoku

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlandar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is





Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

21. – 23. september 2022




Sýningin er opin:

Miðvikudag: 21. sept. 14.00-19.00

Fimmtudag: 22. sept. 10.00-18.00

Föstudag: 23. sept. 10.00-18.00



**ICELAND FISHING
EXPO 2022**

Sjávarútvegur 2022

www.icelandfishexpo.is



Listin sem breytti lífi mínu



Mars Proppé, eðlisfræðingur og hinsegin aktivisti, segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hans. „Eitt af mínum eftirlætis hlað-

vörpum, og sú list sem hefur eflaust breytt mér mest sem manneskju, er hlaðvarpið Harry Potter and the Sacred Text. Oft þegar ég útskýri umgjörð þessa hlaðvarps fyrir vinum og vanda- mönnum renna tvær grimur á fólk. Tveir trúfræðingar sem eru að tala um Harry Potter-bækurnar? Eins og þær séu Biblían?

Enda hljómar hugmyndin meira eins og hugarburður gervigreindar en manneskju. Hugmyndin er sprottin frá þeim Vanessa Zoltan (barnabarn Auschwitz-efartilif- enda, fyrrverandi Gyðingur og nú- verandi trúlaus prestur) og Casper Ter Kuile (hollenskur samkyn- hneigður, trúlaus guðfræðingur) en þau sátu saman á skólabekk í trúfræðideild Harvard-háskóla. Þar ræddu þau mikið um hvað gerði texta að heilagri ritningu. Væri það innihaldið? Höfundarnir? Eða það hvernig við sem lesend- urnir ættum við textann og samtalið sem yrði til milli lesenda um innihald hans? Í þeirri trú að hið síðastnefnda væri rétt lögðu þau í ferðalagið að lesa einn vinn- sálasta bókaflökk allra tíma sem heilaga ritningu og nota til þess trúarlegar lestraræfingar ýmissa trúarbragða.



Textar eru svo sannar- lega ekki minna sköp- unarverk lesenda en höfundar.

Mars Proppé

Þessi hugmynd um að hvaða texti sem er og í raun hvaða listform sem er; bók, leikrit, sjónvarpsþáttur, jafnvel blaða- auglýsing, gæti verið heilög ritning, umbreytti hugmyndum mínum um list. Að hlusta á Casper, Vanessa og síðar meir Matt Pots (japansk-bandarískur episcopal prestur og prófessor við Harvard) ræða saman um texta sem var rauði þráðurinn í mínu bók- menntauppleði og benda sífellt á eitthvað nýtt, eitthvað sem ég hafði ekki séð áður, og skapa í kringum hann svo mikið meira en upprunalegu bækurnar gáfu til kynna, sýnir að textar eru svo sannarlega ekki minna sköpunar- verk lesenda en höfundar.“ ■



Þorvaldur S. Helgason tsh @frettabladid.is

Við þurfum að hlusta á náttúruna

Strandlengjan og áhrif mannsins á vistkerfi hennar er útgangspunktur haust- sýningar Hafnarborgar, flæðir að – flæðir frá. Sigrún Alba Sigurðardóttir sýningarstjóri lýsir ströndinni sem átaka- svæði á tímum loftslags- breytinga.

Í haustsýningu Hafnarborgar, flæðir að – flæðir frá, teflir Sigrún Alba Sigurðardóttir, sýningarstjóri og menningarfræðingur, fram verkum sjö listamanna sem eiga það allir sameiginlegt að fjalla um strand- lengjuna á einn eða annan hátt.

„Þetta eru listamenn sem búa á svæðum sem eru mjög háð sjónum og ég ákvað að velja inn listamenn sem hafa verið að vinna með nátt- úruna í sínum verkum. Sum ákváðu að gera ný verk fyrir sýninguna en svo eru líka eldri verk. Þetta eru sjö listamenn frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum, Ástralíu og Japan og einn sem er fæddur á Nýja-Sjálandi en býr á Íslandi,“ segir hún.

Af hverju valdirðu að fjalla um ströndina?

„Þetta er náttúrulega svolítið stórt viðfangsefni og mér fannst mikil- vægt að velja verk á sýninguna sem endurspeglar það. En ástæðan fyrir því að ég valdi að vinna með strönd- ina má rekja til þess að í heims- faraldrinum fór ég í fleiri og fleiri göngutúra meðfram sjónum og fór að hugsa um strandlengjuna og loftslagsbreytingar. Það er náttúr- lega vitað að loftslagsbreytingar eru að hafa mikil áhrif á strand- lengjuna um allan heim, lífverur eru að hverfa og aðrar að nema land, til dæmis við Ísland. Hækkun sjávar- borðs er að eiga sér stað og mun, ef vel gengur, aðeins vera um hálfur metri á næstu hundrad árum.“

Náttúran í breyttum heimi

Að sögn Sigrúnar má líta á ströndina sem eins konar átakasvæði á tímum loftslagsbreytinga og mannaaldar. Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni vinna verk sín í ólíka miðla og má sjá allt frá ljósmynda- verkum til skúlptúra sem unnir eru úr plöntum og lífverum.

„Listamennirnir eru að vinna með ólík efni en þau eru samt öll, og það á líka við um ljósmynda- ana, að glíma við það hvernig við ætlum að fara að því að lifa með náttúrunni í breyttum heimi. Eins og Studio ThinkingHand, þau tala mikið um það að þau séu að vinna með náttúrunni frekar en að vinna með náttúruna. Það er svolítið hug- myndafræðin á bak við sýninguna,“ segir Sigrún.

Hún vísar þar til listamanna- tvíeykisins Studio ThinkingHand sem er skipað þeim Rhodu Ting og Mikkel Dahlin Bojesen. Verk þeirra á sýningunni samanstanda af gler- skúlptúrum sem innihalda sveppa- gróður og bakteríur.

„Við vitum að þetta eru lífverur sem eru ótrúlega sterkar og munu lifa af jafnvel þó það verði erfiðara og erfiðara fyrir mannkynið að búa á jörðinni. Þau eru líka í þessu verki að spyrja sig að því hvað séu snjallar lífverur. Er það þær sem eiga auð- velt með að aðlagast og vinna saman eins og dæmið er með sveppi og bakteríur?“

Breitt aldursbil listamanna

Sigrún Alba er einn helsti sér- fræðingur Íslands í samtímaljós- myndun og á flæðir að – flæðir frá má finna verk eftir ljósmynda- rana Pétur Thomsen, Stuart Richardson og Tadashi Ono.

„Ljósmynda- rarnir eru svolítið að fanga það hvernig maðurinn traðkar á jörðinni og hvernig hann



Sigrún Alba lýsir strandlengjunni sem átakasvæði á tímum loftslagsbreytinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRYGGUR ARI



Ljósmyndir Péturs Thomsen fjalla bæði um samband mannsins við tímann og við veröldina sem umlykur okkur og mótur.



fer að því að lifa af í þessum heimi. Það er alltaf ákveðinn fórnarkost- aður fölginn í því eins og í verkum Tadashi Ono sem er að mynda varn- arvegg sem var byggður eftir flóð- bylgjuna miklu í Japan 2011. Eitt- hvað sem fólk telur nauðsynlegt að gera en hefur þær afleiðingar að fólk missir tengslin sem það hafði áður við sjóinn,“ segir Sigrún.

Hvernig valdirðu listamennina inn á sýninguna?

„Fyrst valdi ég Studio Thinking- Hand inn á sýninguna, ég vissi frá upphafi að ég vildi hafa þau með. Ég sá sýningu með þeim í Danmörku 2020 og hluti af þeim verkum sem eru hér voru á þeirri sýningu. Svo hafði ég líka kynnst Tadashi Ono og mér fannst verk hans kallast á mjög skemmtilegan hátt á við verk Péturs Thomsen. Mig langaði að hafa þá saman á sýningu. Svo fór ég bara svona að skoða listamenn sem hafa verið að vinna með náttúruna. Ég hef alltaf verið hrifin af verkum Önnu Rúnar Tryggvadóttur og Stur- art Richardson hefur ótrúlega fal- lega ljóðræna sýn. Svo er Alda Mohr yngst þeirra listamanna sem eru á sýningunni, aðeins 25 ára, en hún hefur verið að veikja mikla athygli í Danmörku og Færeyjum, þaðan sem hún er, fyrir sína list.“

Sigrún bætir því við að hún hafi viljað hafa nokkuð breitt aldurs-

Verk Studio ThinkingHand á sýningunni samanstanda af glerskúlptúrum sem innihalda sveppagróður og bakteríur.



Það er náttúrulega vitað að loftslagsbreytingar eru að hafa mikil áhrif á strandlengjuna um allan heim.

Sigrún Alba Sigurðardóttir

bil listamanna á sýningunni en sá yngsti, Alda Mohr, er 25 ára, á meðan sá elsti, Tadashi Ono, er 62 ára.

Ljóðræna og fegurð

Sífelld algengara er að listamenn fjalli um áhrif loftslagsbreytinga í verkum sínum. Sigrún Alba vildi þó sérstaklega einblína á strand- lengjuna sem er það svæði þar sem áhrif hamfarahlýnunar birtast einna skýrast.

„Það er kannski ekki byrjað að ræða svo mikið um hvað gerist þegar hækkun sjávarborðs verður áþreifanlegri eða hvað gerist þegar fiskurinn sem við þekkjum fer að hverfa og annar tekur við. Þannig að ég var svolítið upptekin af svæðum í kringum Ísland.“

Sigrún Alba leggur áherslu á að jafnvel þótt umfjöllunarefni sýn- ingarinnar sé alvarlegt þá sé hægt að finna bæði ljóðrænu og fegurð í því.

„Mér finnst eiginlega öll verkin á sýningunni mjög falleg og mér finnst það til góðs. Þau eru líka öll að segja við okkur á einhvern ljóð- rænan hátt að við þurfum að hlusta á náttúruna, veita henni eftirtekt og vera í samspieli við hana. Við þurfum kannski ekki að vera svona hrædd, við getum verið virk í því að búa til annars konar heim,“ segir Sigrún. ■

Ennþá meira úrval af listavörum



dream + create



van Gogh



The Professional Choice



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



”

Af hverju eru stóru húsin svona rög við að gefa ungum íslenskum leikstjór-um tækifæri?



Á eigin vegum eftir skáld-sögu Kristínar Steinsdóttur var fyrsta frum-sýning Borgar-leikhússins á leikárinu 2022–2023.

MYND/GRÍMUR BJARNASON

Sigríður Jónsdóttir

Síðustu tvö leikár virðast eins og fjarlæg martröð sem einkenndist af stöðugum lokunum, veikindum og þroti. Sviðslistaheimurinn stóð faraldurinn af sér, laskaður þó og listafólkið þreytt. En sýningin heldur áfram og blásið er til flugeldasýningar á þessu leikári.

Mörg verkefni fá framhaldslif á þessu leikári: 9 líf og Emil í Kattholti ríkja yfir Stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu og Vertu úlfur og Sjö ævintýri um skömm í Þjóðleikhúsinu, allt vinsælar verðlaunásýningar. En hvað er nýtt undir lækandi sól á komandi mánuðum?

Sjálfstæða senan stækkar stöðugt Reykjavík Fringe Festival, sem stækkar stöðugt, var haldin hátíðleg í höfuðborginni yfir sumarmánuðina og loksins fór Act Alone fram á Sudureyri.

Tjarnarbió tók stakkaskiptum fyrir sumarmánuðina, barinn var færður og forsalurinn þannig stækkaður fyrir gesti. Sömu leiðis var ný vefsíða tekin í notkun. Nýi framkvæmdastjórinn, Sara Marti Guðmundsdóttir, ætlar greinilega ekki að taka málefnið neinum vettlingatökum en fyrir liggur grýttur vegur, enda nauðsyn á stærra rými og fjármagni. Ein tillagan er að Tjarnarbió fái Tjarnargötu 12 til afnota en markaðsherferðin byrjaði brösuglega og hvarf.

Leikár Tjarnarbiós er ekki búð að tilkynna en miðað við þann fjölmenna hóp þátttakenda sem er í sjálfstæðu sviðslistasenuinni verður dagskráin örugglega þökkuð og áhugaverð. Vonandi verður tilraunastarfsemin ríkjandi en hún hefur verið gjöf.

Bió í leikhúsi og leikhúsbíó

Fyrsta frumsýning Þjóðleikhússins er sænski söngleikurinn Sem á himni, byggður á verðlaunakvikmynd. Jákvætt er að sumarsöngleikurinn sé kominn yfir á haustið, ekki veitir af eftir fremur dapurt veður. Borgarleikhúsið leitar í bókmenntirnar fyrir sína fyrstu frumsýningu, Á eigin vegum eftir Kristínu Steinsdóttur. Skandinavískar kvikmyndir koma einnig við sögu en Mátulegir, byggð á Óskarsverðlaunamyndinni Druk, er ein af jólasýningunum í ár. Sérstök ákvörðun þar sem kvik-

myndin var á öllum skjáum nýlega.

Bió Paradís endurnýjaði samning sinn við National Theatre Live á dögnum og eru leikhúsunnendur hvattir til að fara í leikhúsbíó. Þar ber helst að nefna nýja uppsetningu á Mávinum og Straight Line Crazy eftir David Hare með Ralph Fiennes í aðalhlutverki.

Fjölbreyttur hópur

Fjölbreyttur hópur erlendra leikstjóra kemur til landsins. Þjóðleikhúsið hefur lagt mikinn metnað í erlent samstarf, þar á meðal með Pussy Riot, Stefan Zeromski-leikhúsið frá Póllandi og Complicité með Simon McBurney í fararbroddi. Þýska leikskáldið Marius von Meyenburg mun heimsfrumsýna nýjan þrileik og Ástralinn Benedict Andrews snýr loksins aftur í Þjóðleikhúsið, til að leikstýra tveimur þeirra.



Söngleikurinn Sem á himni var frumsýndur í Þjóðleikhúsinu um síðustu helgi. Elmar Gilbertsson óperusöngvari fer með aðalhlutverk hljómsveitarstjórans Daniels sem flyst aftur til heimabæjar síns.

MYND/JORRI

Sýningin heldur áfram

Leikárið 2022–2023

”

Nú er tímabært að safna kröftum, hvíla starfsfólkið, fækka sýningum, lengja æfingatíma og leggja höfuðið í bleyti. Heimsfaraldurinn lék leikhúsheiminn illa og það mun taka hann tíma að rétta úr kútnum.

Þessar sýningar radast inn um og eftir jól. Borgarleikhúsið býður upp á Macbeth með unga og spennandi litáiska leikstjóranum Uršulë Bartoševićiúte og Marat/Sade í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar þar sem okkar helsta og elsta sviðslistafólk mætir til leiks. Við þurfum nefnilega ekki að leita langt yfir skammt að hæfileikafólki.

Ný íslensk leikritun

Ný íslensk leikverk eru nokkur, þar á meðal Nokkur augnablik um nótt eftir Adolf Smára Unnarsson, Síðustu dagar Sæunnar eftir Matthías Tryggva Haraldsson og Góða ferð inn í gömul sár eftir Evu Rún Snorradóttur. En hvar eru ungu íslensku leikstjórnarnir?

Sjálfstæða senan, Umbúðalaust í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúskjallarinn, sýna að nóg er af ungu og vel menntuðu sviðslistafólki. Af

hverju eru stóru húsin svona rög við að gefa ungum íslenskum leikstjórum tækifæri?

Leikfélagið á Akureyri horfir til fortíðar og frumsýndi Hamingjudaga eftir Samuel Beckett fyrir stuttu, sýningin kemur suður í nóvember. Þeirra stærsta verkefni er söngleikurinn Chicago sem Marta Nordal leikstýrir með aðstoð danshöfundarins Lee Proud. Vonandi leita þau í leikhúsminni Bob Fosse, Gwen Verdon og Chita Rivera frekar en fagurfræði kvikmyndarinnar.

Stjórnsýslublús

Nýtt frumvarp um fjárlög næsta árs var tilkynnt á dögnum. Hvað sviðslistirnar varðar þá á að kanna rekstrargrundvöll fyrir þjóðaróperu og athuga húsnæðismál Íslenska dansflokksins. Fremur óljós loforð. Einnig liggja á borðinu tillögur um breytingar á fyrirkomulagi listamannalauna, sem er löngu orðið tímabært. Launasjóður listafólks stækkar um 30 milljónir en þörf er á grunnbreytingum og algjörrri yfirhalningu launaumhverfisins.

Mikilvægasta skrefið er að sameina launa- og styrktarsjóði sviðslistanna, dreifa umsóknarfrestum yfir árið og fjölga launaflokkum. Ísland verður að búa til sterkara umhverfi fyrir sviðslistir af öllu tagi: Sjálfstæða leikhópa sem þrífast til lengri tíma, aftengja laun einstaka verkefnum og hlúa að leikskáldum. Þróunarstyrkir til handritaskrifa verða að vera aðgengilegir fyrir leikskáld líkt og tíðkast hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Það sem koma skal


Nú er tímabært að safna kröftum, hvíla starfsfólkið, fækka sýningum, lengja æfingatíma og leggja höfuðið í bleyti. Heimsfaraldurinn lék leikhúsheiminn illa og það mun taka hann tíma að rétta úr kútnum.

Erlendis hafa stjórnir og stjórnendur leikhúsa sætt harðri gagnrýni fyrir yfirborðskennar breytingar. Ekki má tylla sér í sama rassfarið heldur nýta tækifærið og hugsa skipulagið upp á nýtt. En íslenskir áhorfendur eiga svo sannarlega von á góðu miðað við dagskrána og allir unnendur sviðslista eru hvattir til að styðja við bakið á okkar stórkostlega listafólki.

Allir í leikhúsi! ■



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík



THE BANSHEES OF INISHERIN
DAUÐAVÆTTIRNAR FRÁ INISHERIN
Colin Farrell (Besti Leikari)




KARAOKE PARADISE
KARÓKÍ PARADÍS



VERA
Vera Gemma (Besta leikkonan)
Rainer Frimmel &
Tizza Covi (bestu leikstjórar)

SJÁUMST Á RIFF!




GIRL GANG
STELPNAGENGI
European Film Awards tilnefning



CORSAJE
Vicky Krieps (Besti Leikkona)



THE EXPLOITS OF MOOMINPAPPA -
ADVENTURES OF A YOUNG MOOMIN
HETJUDÁÐIR MÚMÍNPABBA -
ÆVINTÝRI UNGS MÚMÍNÁLFS
Með íslensku tali



INTO THE ICE
INN Í ÍSINN



PIGGY
Norðurlandafrumsýning



EISMAYER
Besta myndin

R I F F

29 SEPT. - 09 OKT. 2022

📍 Háskólabíó

Will Hunter, Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir, Gísli Gunnarsson og Sigurbóði Grétarsson mynda heiðingjahljóm-sveitina Vévaka sem gefur út nýja breiðskífu, *Förnspeki*, í næsta mánuði og í kjölfarið munu þau fylgja henni eftir með tónleikum víða um lönd á vegum fjölþjóðlega útgáfu-fyrirtækisins Season of Mist.

toti@frettabladid.is

Bandaríkjamaðurinn Will Hunter og Íslendingarnir Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir, Gísli Gunnarsson og Sigurbóði Grétarsson mynda saman heiðingjahljóm-sveitina Vévaka. Þau sækja innblástur í og byggja tónlist sína á heiðni og fornri náttúru-dýrkun sem er meðal annars löguð að samtímanum með nútímataekni og tólum.

„Söguleg nákvæmni er ekki takmarkið og við erum ekkert bundin við þá hugmynd að hljóðfærin þurfi að vera fornnorræn,“ segir Sigurbóði. „Við erum ekki víkingar, seiðmenn eða prestar. Við erum iðkendurnir, venjulega fólk sem færir sínar fórnir.“

Will tekur undir þetta og áréttar að þau séu í raun að reyna að stíga aðeins frá öllum þessum víkingapælingum og í tónlistinni leggi þau áherslu á nýmóðins lög fyrir nútímalega trú.

Alveg rammheiðinn

Tónlist Vévaka hefur fengið merkimiðann „neofolk“ sem einhvers konar nútímaleg þjóðlagatónlist með fornnorrænar rætur. Hljómsveitinni hefur þannig verið lýst sem „Nordic folk band“ en Sigurbóði þrengir hringinn frekar með því að tengja þau við heiðinn síð norræna manna og norræna andatrú.

„Og þú sjálfur. Hefur þú alltaf verið á heiðinrófinu?“

„Já, ég er alveg rammheiðinn. Skítugur heiðingi, eins og þeir segja,“ segir Sigurbóði og hlær.

„Áherslan er þá á náttúrudýrkun og við notum guðina til þess að miðla henni frekar en að við séum beinlínis að tilbiðja þór uppi á himninum. Hann táknar frekar ákveðna orku í heiminum.“

Sigurbóði segir ákveðna vakningu vera í gangi á heimsvísu í þessum efnum og að heiðinn síður sé að rjúfa þær neikvæðu tengingar sem hann fékk eftir að rasistar og nasistar slógu eign sinni á ýmsar táknmyndir hans.

Lausn úr nasískum læðingi

„Áhuginn er bara að vakna um allan heim, sérstaklega eftir því sem meiri almennilegar upplýsingar eru að koma fram um hvað heiðni er og hvað heiðni er ekki.“

Þannig að það er rosalega gott að



Sigurbóði, Hrafnhildur, Gísli og Will í Vévaka magna upp tónlist sína með beintengingu við náttúruna á forsendum hversdagslegra heiðingja.

MYND/
SEASON OF MIST

Heiðni og náttúrudýrkun er kjarninn í tónlist Vévaka

fólk er farið að fatta að það er hægt að koma sér inn í þetta án þess að vera með einhvern rasisma eða nasisma. Eins og þetta hefur verið stimplað svo lengi,“ segir Sigurbóði og hlær. „Þannig að við erum svona að endurheimta þetta og er að takast það mjög vel.“

Norrænn filingur

Stemningin er því með Vévaka og Sigurbóði telur því ekki útilokað að þau komi fram á réttum stað og tíma. Season of Mist virðist einnig lesa þannig í stöðuna og gerði samning við Vévaka fyrr á þessu ári og Íslandstenging útgáfufyrirtækisins styrktist enn frekar, en það er einnig með Sólstafi og svartmetal-sveitirnar Auðn og Helfró á sinum snærum.

„Season of Mist er mest með metal og þungarokk en líka Heilung sem er mjög fræg og ekki metal,“ segir Sigurbóði um dansk/þýsku neofolk-sveitina. „Þannig að það er norrænn filingur og við sendum þeim bara demó og þau voru bara yfir sig hrifin af þessu. Og líka því að við erum svolítið að stíga frá þessu víkingapema.“

Við erum bara venjulegt fólk í nútíðinni að stunda okkar heiðni og erum ekki víkingar. Það er búið að vera svolítið mikið af þeim.“

Í upphafi voru Eddukvæði

Vévaki byrjaði sem sólóverkefni söngvarans og hljóðfæraleikarans Wills Hunter sem gaf fyrstu plötuna, *Eddu*, út 2020 og eins og nafnið bendir til lágu Eddukvæðin til grundvallar tónlistinni.

Förnspeki er önnur breiðskífa Vévaka og kemur út hjá Season of Mist 28. október. „Síðan verðum við með útgáfutónleika á Húrra 13. nóvember og svo verðum við bara að túra hér og þar á næsta ári,“ segir Sigurbóði og bætir við að hljómsveitin þurfi lítið að hafa áhyggjur af sliku þar sem Season of Mist muni sjá um að bóka þau á tónleika og tónlistarhátíðir víða um heim á næsta ári.

„Við Will erum búnir að þekkja í einhvern tíma og búnir að vera að gera tónlist saman,“ segir Sigurbóði, sem var Will til halds og trausts strax á Eddu. „Hann bjó þá í New York og ég hjálpaði honum eitthvað

með þetta. Söng aðeins og spilaði aðeins á trommur og eitthvað,“ segir Sigurbóði um fjarvinnusambandið á netinu.

„Hann kemur síðan til Íslands og ég hvet hann til þess að gera þetta almennilega og við ákváðum bara að keyra á þetta og gera þetta miklu stærra og stefna á að spila úti í heimi þannig að það er bara búið að vera á áætlun hjá okkur núna undanfarið.“

Heiðingjasveimur

Sigurbóði gekk í framhaldinu alfaríð til liðs við Vévaka og þegar Hrafnhildur Inga og Gísli bættust við var bandið fullskipað, tónlistin flæddi fram og áætlunin er heldur betur að ganga eftir með adkomu Season of Mist.

„Will lærði íslensku og lagði sérstaklega mikla áherslu á að læra framburð til þess að vera með framburðinn alveg á hreinu þegar við erum að syngja lögin, en ég, Hrafnhildur og Will erum á sviðinu og Gísli er í rauninni 50 prósent á móti okkur þegar kemur að því að skapa tónlistina.“

Hann er neo-classical tónskáld



Will lærði íslensku og lagði sérstaklega mikla áherslu á að læra framburð til þess að vera með framburðinn alveg á hreinu þegar við erum að syngja lögin.

sem ég hafði unnið eitthvað með fyrir löngu og spurði hann hvort hann vildi vera með. Við sendum honum eitthvert demó og hann bara tók það og gerði sína töfra.

Þá varð þetta bara að einhverju. Það er einhvern veginn fánlegt hvornig lögin hljóma allt öðruvísi en demóin eftir að hann tók þau sínum tókum. Þannig að hann er rosalega stór partur af þessu en hann er alveg svakalega feiminn þannig að hann kaus að vera ekki á sviði. ■

Ultraflex gefur út sitt eigið uppáhaldslag

toti@frettabladid.is

Raftvíeykið í Ultraflex, þær Katrín Helga Andrésdóttir og Kari Jahnsen, gefa í dag út lagið *Melting Away*, sem er þeim svo hjartfólgið að þær kalla það hvorki meira né minna en sinn „magnum opus“.

Smáskífan er sú síðasta sem Ultraflex sendir frá sér áður en önnur breiðskífa þeirra, *Infinite Wellness*, kemur út þann 7. október. „Þetta er okkar eigið uppáhaldslag af þeim sem við höfum samið,“ segir Katrín um lagið sem var erfiðast að semja af þeim sem mynda breiðskífuna saman.

Vinnutíll lagsins var Power

Ballad og þær reyndu öll trikkinn í bókinni til þess einmitt að semja kraftballöðu og þar gætir áhrifa ekki ómerkara spáfolks en Spice Girls, Madonna, Usher og Enrique Iglesias.

„Það er samt ekki víst að þetta verði uppáhaldslag áheyrenda vegna þess að þetta er rólegra en við erum vanar að vera með. Þetta er ballaða en við erum venjulega meira diskó og dans.“

Tónlistarmyndbandið við *Melting Away* kemur einnig út í dag og þær stóllur skrúfuðu metnaðinn einnig í botn við gerð þess. „Þetta er metnaðarfyllsta myndbandið okkar. Við erum venjulega svona í



Katrín Helga og Kari í Ultraflex biða spenntar eftir útgáfu breiðskífunnar í næsta mánuði en senda í milli-tíðinni frá sér lagið *Melting Away* sem er þeirra magnum opus.

MYND/ÞSEND

heimagerðum myndböndum en settum svolitinn pening í þetta og fengum styrk til þess að gera það.

Ultraflex hefur síðan fleiri hnöppum að hneppa í dag, en *Melting Away* þar sem tvíeykið kemur í dag fer fram á Reeperbahn-tónlistarhátíðinni í Hamborg.

Breiðskífan er síðan rétt handan við hornið. „Við erum ógeðslega spenntar og vorum að fá vínilinn í hús. Hann er rosa fallegur. Við erum ekki að græða neitt á því að gefa út á vínil og komum út á núlli ef við erum heppnar en það er bara svo gaman að hafa eitthvað áþreifanlegt,“ segir Katrín um borð í lest á leið til Hamborgar. ■

Nýja kynslóðin í sturtuklefum!

Engar skrúfur,
ekkert sílikon!



Fast-fix sturtuklefi
með smellukerfi

80x80 cm og 90x90 cm

*blöndurnartæki seld sér

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

**INNRETTINGAR
& TÆKI**



SUÐURNESJAMAGASÍN

FIMMTUDAGA KL 19.30 OG 21.30

Mannlífið á Suðurnesjum í máli og myndum. Páll Ketilsson er með puttann á púlsinum suður með sjó í vikulegum þætti á Hringbraut.



HRINGBRAUT



Óli ásamt Egló Harðardóttur í eldhúsinu búinn að kokka upp einhvern dýrindisrétt.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

Trúlega varð þetta einn dýrasti kaffibolli sögunnar

Veitingamaðurinn Ólafur Helgi Kristjánsson fékk þá hugmynd í miðju Covid að opna veitingastað. Hann hringdi í félag sinn og bauð honum kaffibolla og sannfærði um að það væri frábær hugmynd að opna hverfisstað á Kársnesi.

benediktboas@frettabladid.is

„Það var alltaf draumurinn að opna sinn eigin stað en ég var eiginlega búinn að gefa þann draum upp á bátinn. Ég var kominn í góða vinnu á Hótel Sögu og orðinn eiginlega of gamall til að standa í slíku. Svo kom Covid og þá þurfti að hugsa í lausum.“ segir veitingamaðurinn Ólafur Helgi Kristjánsson en á morgun verður veitingastaðurinn hans Braserí Kársnes eins árs.

Ólafur, eða Óli eins og hann er ávallt kallaður, hefur unnið víða á Íslandi en einnig í Kaupmannahöfn og Edinborg. Hann hafði verið lengi á Hótel Sögu en þegar Covid bankaði á dyrnar var glæstri veitingasögu landsmanna skellt í lás. Þá fór hann af stað og fann pláss á miðju Kársnesi en vantaði fjármagn. „Ég þekki einn góðan vin sem ég hringdi bara í og spurði hvort við ættum að taka einn kaffibolla. Hann var til í það en ætli það sé ekki dýrasti kaffibolli landsins því ég gekk út með loforð um fjármagn og fór á fullt.“ segir hann.



Nágrannarnir vildu hafa stað í hverfinu þegar faraldrinum lyki. Það vissi að þetta væri erfitt en það kom og það stendur upp úr hvað nágrannar mínir studdu mig.

Hann fékk pabba sinn, sem er fyrrverandi byggingarmeistari, og kreisti fimm mánuði út úr þeim gamla. „Við tókum einn síðasta dans. Hans hjálp var ómetanleg. Hann þekkir fullt af iðnaðarmönnum sem mættu og græjuðu og gerðu þegar allt var stopp í heiminum.“

Hann segir að þegar horft er í bak-sýnispegilinn hafi hann gert alveg fullt af mistökum en hafi lært af þeim og er þakklátur fyrir hvað Kársnesið hafi tekið sér vel. „Það er bras, sviði og slagsmál en ofboðsleg hamingja að eiga veitingastað. Þetta var alveg hrikalega erfitt í faraldrinum en ég er alveg endalaust þakklátur fyrir hvað fólk í hverfinu hefur tekið mér vel.

Þegar Covid var sem verst og 20 manna samkomutakmarkanir þá mætti fólk og vildi styðja mann í þessu. Nágrannarnir vildu hafa stað í hverfinu þegar faraldrinum lyki. Það

vissi að þetta væri erfitt en það kom og það stendur upp úr hvað nágrannar mínir studdu mig.“

Óli bendir á að staðurinn sé miklu flottari og meiri en þegar hann lagði af stað í þessa vegferð. „Ég var fyrst með þælingu um að hafa þetta frekar einfaldan hádegisstað.“ segir hann léttur. „Ég ætlaði alltaf að hlusta á hvað viðskiptavinirnir vildu og ef þeir hefðu viljað hamburgara eða einfaldan götumat hefði ég gert það. Það var aldrei nein stefna negld niður því ég er það reyndur og er búinn að gera það mikið hér heima og erlendis að það hefði ekki verið neitt vandamál. En svo vildi fólk góðar steikur, flotta fiskrétti og meiri og betri vín auk þjónustu. Þannig að ég varð við því.“

Staðurinn er sannkallaður fjölskyldustaður því eiginkona Óla, Sólveig, stendur vaktina frammi í sal en í eldhúsinu er Óli með eldri krakkana sína. Þess má geta að öll málverkin á staðnum eru gerð af Sólveigu. „Það gengur mjög vel að vinna saman og það er ótrúlega gaman að vinna með krökkunum sínum. Það eru allir að róa í sömu átt.“

Hverfisstaðir eru orðnir vinsælir eftir Covid, hverfið hérna er að stækka um held ég helming og Sky Lagoon komið á fullt ról. Ég þekki það nú ágætlega, hafandi alist upp í Mývatnssveit, að fólk er svangt eftir ferð í lónið þannig fram tíðin er björt.“ segir Óli. ■

Stökur eiga sér tíma frekar en ótíma

toti@frettabladid.is

Stundum verða stökur til... er titillinn sem hagyrðingurinn Hjalmar Jónsson, fyrrverandi alþingismaður og dómkirkjuprestur, valdi nýútkominni bók þar sem hann hefur tekið saman ágætis sýnishorn af kveðskap sínum í gegnum tíðina.

„Vonandi í tíma frekar en ótíma,“ segir Hjalmar og hlær, þegar hann er spurður hvort stökur verði í hans tilfelli ekki til miklum mun oftar en bara stundum. „Og vonandi eiga þær við en séu ekki að trufla daglegt líf,“ heldur hann áfram og kastar fram þeirri sem bókartitillinn er sóttur til:

Andagift ég ekki skil eða þekki.

Stundum verða stökur til og stundum ekki.

„Ég segi líka sögurnar í kringum þessar vísur og ljóð,“ segir Hjalmar um kveðskapinn, sem mikið til hefur orðið til á góðra vina fundum og í félagsskap samstarfsfólks og annars samferðafólks í gegnum lífið.

„Stökurnar eig það til, sem maður væntir, að fanga augnablik. Koma með eitthvað nýtt inn í málið, nýjan vinkel og helst eitthvað hnyttið. Hún þarf að hafa innihald, vísan. Hún



Hjalmar Jónsson

þarf að segja eitthvað, finnst mér, en oft er þetta bara til að kveikja bros og láta okkur líða vel.“

Hjalmar fylgir bókinni úr hlaði með útgáfuteiti í dag á Hafnartorgi, Tryggvagötu 21, milli klukkan 18 og 20 og ætla má að þar muni nokkrar laußléttar fá að fjúka. ■

Tvær verðlaunasýningar snúa
aftur í takmarkaðan tíma

VERTU

ÚLFUR

Sýningar hefjast
í kvöld

7 Grímuverðlaun

6 Grímuverðlaun

SJÖ ÆVINTÝRI
UM SKÖMM

TYRFINGUR
TYRFINGSSON

Sýningar hefjast
27. október

Þjóð
leik
húsið

Tryggðu þér miða!

leikhusid.is



Bakþankar



Stefáns Ingvars Vigfússonar

Land tækifæranna

Á Íslandi axlar enginn ábyrgð á neinu, hvorki á orðum né gjörðum. Það er ekki landlægur persónuleikabrestur sem háir okkur, heldur geigvænleg meðvirkni.

Á Íslandi á að vera gaman, eins og í fjölskylduboði með alkóhólsta, ef einhver réttir upp hönd og segir: „Mér finnst leiðinlegt þegar amma deyr í forréttarskálina,“ er því mætt með: „Heyrðu, litli skítur, amma þín er að gera sitt besta. Veistu hvað hún hefur mátt þola? Af hverju þarftu alltaf að skemma allt með neikvæðni?“ Þess vegna brjálást fólk þegar gagnrýnendur listar og menningar gagnrýna list og menningu, þess vegna situr Sigmundur Davíð enn á Alþingi, þess vegna þykir fjármálaráðherra í fullkomnu lagi að veitast trekk í trekk að blaðamönnum. Umræddir blaðamenn stóðu einu sinni upp og sögðu: „Mér þykir ekki skemmtilegt að einhver lúði að norðan stundi arðrán í Namibíu.“ Viðbrögðin voru viðbúin.

Umræddur lúði fjármagnaði ófrægingar- og áreitisherferð gegn þessum blaðamönnum. Lögreglan boðar þá í skýrslutöku fyrir það eitt að skrifa fréttir og fer fram á að þeir geri grein fyrir heimildarmönnum sínum.

Þingmenn og ráðherrar valda mesta flokks landsins gera fyrst lítið úr namíbisku þjóðinni (segja spillingu vera landlæga þar, annað en í landi tækifæranna þar sem fjór er landlægt) og svo úr blaðamönnum: „Eru fjölmiðlamenn of góðir til þess að mæta og svara spurningum lögreglu?“ Formaðurinn, þessi sem spyr hvort fjölmiðlamenn séu of góðir, er klár gaur. Hann gerir sér grein fyrir því hvaða skilaboð hann er að senda: Ef þú verður uppvís að því að segja óþægilega frá þá verður þér refsað.

Það er gaman, það er gaman, það er gaman. Það er gaman, sama hvað það kostar. ■

ALLT FYRIR
Oktoberfest

PARTYBÚÐIN


Faxafeni 11 • Sími 534 0534
 www.partybudin.is

iPhone 14

Forskráning á nova.is

5G

Framtíðin í fjórtánda veldi! Skráðu þig á lista til að vera með þeim fyrstu til að fréttar þegar iPhone 14 símarnir lenda!



Bestu fríðindin FyrirÞig í Nova appinu!

Í Nova appinu finnur þú ótrúleg 2F1 tilboð FyrirÞig. Gefðu þér tíma til að kjamsa, fara út að leika, spjalla og hafa gaman í besta félagsskapnum!

Svo kostar ekkert að fá FríttStöff sem gefur og gleður. Þú finnur alls konar frítt og frábært FyrirÞig í Nova appinu!

nova.is



NOVA